

HEIMABYGGÐIN MÍN

Úttekt unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið

Bryndís Elfa Valdemarsdóttir

Janúar 2014

Helstu niðurstöður

- Gott verkefni og þarft í skólakerfinu
- Um 60 skólar hafa tekið þátt frá árinu 2005
- Þátttökuskólar dreifast um allt land nema Norðurland vestra (0 skóli) og Reykjanes (1 skóli)
- Verkefnisstjóri vinnur mikið hugsjónastarf af eldmóði og áhuga
- Mikið svigrúm meðal kennara varðandi skipulag
- Kennsluhættir í skólum geta breyst við þátttöku í verkefninu
- Verður oft aukavinna fyrir kennara
- Oftast unnið sem aukaverkefni eða þemaverkefni
- Oftast lagt fyrir afmarkaðan nemendahóp/árgang, oftast 8. og 9. bekk
- Algengt að unnið sé undir tímapressu
- Hefur lítið þróast á tíu árum
- Hentar vel til að flétta inn í skólastarf og aðrar námsgreinar
- Hentar vel bæði sem þróunarverkefni og þemaverkefni
- Hentar vel bæði sterkum og slökum nemendum
- Hentar bæði strákum og stelpum
- Mikilvægi dómnefndar er óljóst/umdeilt
- Tilgangur uppskeruhátíðar/verðlaunahátíðar er óljós/umdeildur
- Mesta viðurkenningin kemur frá skólum þeirra nemenda sem vinna til verðlauna
- Hugmyndir/afurðir nemenda hafa beintengingu við þeirra reynslu, áhugamál og stöðu
- Verkefnið minnkar ekki líkur á brottfalli úr framhaldsskólum
- Verkefnið bætir ekki námsárangur
- Verkefnið getur haft áhrif á lýðræðisleg vinnubrögð í skólum
- Verkefnið getur breytt viðhorfum nemenda til menntunar
- Skólastjórnendur telja meiri líkur heldur en nemendur á því að verkefnið geti breytt viðhorfum þeirra til starfsmöguleika
- Viðhorf þátttakenda til heimabyggðar er mjög jákvætt fyrir og eftir þátttöku
- Verkefnið getur stuðlað að meiri áhrifum skólastarfs á nærsamfélagið

Efnisyfirlit

Helstu niðurstöður	2
Efnisyfirlit.....	3
Inngangur	6
Framkvæmd og aðferðafræði úttektar	7
Gagnaöflun	7
Fyrirliggjandi gögn	7
Viðtöl við stjórn Landsbyggðarvina	7
Heimsóknir og viðtöl í þáttökuskólum	7
Úrvinnsla og greining.....	9
Greining á heildarniðurstöðum allra gagna.....	9
Niðurstöður	10
Heimabyggðin mín.....	10
Forsaga	10
Stjórn Landsbyggðarvina - verkefnisstjórn	10
Vinnuframlag	11
Þáttökuskólar	11
Heimsókn í þáttökuskóla.....	12
Markmið og verkefnislýsing.....	12
Dómnefnd og verðlaun.....	13
Afrakstur og afurðir	13
Upplýsingagiöf - samfélagið	14
Matskýrsla 2006	14
Samantekt og greining.....	14
Spurningakönnun	18
Gagnaöflun og framkvæmd.....	18
Niðurstöður spurningakönnunar.....	19
Samantekt og greining.....	29
Skólasamfélag þáttökuskólanna	32
Auðarskóli.....	32
Grunnskólinn í Þorlákshöfn	33
Víðistaðaskóli.....	34
Reykhlaskóli.....	36
Samantekt og greining.....	36
Umræða og tillögur að úrbótum	41

Heimildaskrá.....	44
-------------------	----

Töflu- og myndaskrár

Tafla 1. Fjöldi viðmælenda eftir skólum	8
Tafla 2. Þátttökuskólar síðastliðinna tíu ára eftir landshlutum	12
Tafla 3. Styrkleikar og veikleikar sem greina má á markmiðum og innihaldi verkefnisins	16
Tafla 4. Viðhorf nemenda að mati skólastjórnenda til þátta sem tengjast markmiðum verkefnisins eftir þátttöku	29
Tafla 5. Viðhorf skólastjórnenda til þátta sem tengjast samskiptum	30
Tafla 6. Niðurstöður allra mælinga við einstök markmið verkefnisins <i>Heimabyggðin mín</i>	41
Mynd 1. Dreifing þátttökuskóla í viðtalsrannsókn eftir landshlutum	9
Mynd 2. Hringrás áhrifaþátta á verkefnið <i>Heimabyggðin mín</i>	17
Mynd 3. Dreifing þátttökuskóla í spurningakönnun eftir landshlutum.....	18
Mynd 4. Hvað réði því að skólinn tók þátt	19
Mynd 5. Hvernig var þátttöku nemenda háttað	19
Mynd 6. Hvernig verkefnið var skipulagt	20
Mynd 7. Viðhorf nemenda samkvæmt svarendum til eigin menntunar.....	20
Mynd 8. Hvernig starf nemenda er metið.....	21
Mynd 9. Hvort þátttaka auki áhuga nemenda á heimabyggð.....	21
Mynd 10. Hvort þátttaka breyti viðhorfi nemenda til starfsmöguleika í heimabyggð.....	22
Mynd 11. Hvort þátttaka hafi leitt til þess að nemendum þyki viðhorf þeirra og skoðanir skipta meira máli en áður.....	22
Mynd 12. Hvort þátttaka að mati svarenda breyti viðhorfi til heimabyggðar	23
Mynd 13. Hvort þátttaka hafi breytt algengum kennsluháttum í skólanum	24
Mynd 14. Hvort þátttaka hafi leitt til betri námsárangurs	24
Mynd 15. Hvort nemendur öðlist meiri færni til vinnu á öðrum sviðum	25
Mynd 16. Hvort þátttaka leiði til jákvæðari skólabrags	26
Mynd 17. Hvort þátttaka stuðli að auknum samskiptum heimilis og skóla	26
Mynd 18. Hvort þátttaka stuðli að aukinni virkni foreldra í skólastarfinu	27
Mynd 19. Hvort þátttaka stuðli að auknum samskiptum við nærsamfélagið	27

Mynd 20. Hvernig verkefnisstjórinn nýttist.....	28
Mynd 21. Hvort skólinn hyggist taka þátt aftur	28
Mynd 22. Viðhorf nemenda að mati skólastjórnenda til þátta sem tengjast markmiðum verkefnisins	30

Inngangur

Í þessari skýrslu eru niðurstöður úttektar á verkefninu *Heimabyggðin mín*¹ sem unnin var fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Tilgangurinn með úttektinni var að meta ávinning grunnskóla af þátttöku í verkefninu og skoða með hvaða hætti verkefnið er fléttað inn í skólastarf og einstakar námsgreinar, t.d. lífsleikni, samfélagsgreinar, íslensku og nýsköpun.

Kannað var m.a. hvort verkefnið hafði breytt viðhorfum nemenda til menntunar, starfsmöguleika og heimabyggðar, hvort þátttaka í verkefninu væri talinn áhrifabáttur á gengi í framhaldsskólum eða hafi haft áhrif á lýðræðisleg vinnubrögð í skólum og áhrif skólastarfsins á nærsamfélagið.

Menntamálaráðuneytið fól Bryndísi Elfu Valdemarsdóttur að framkvæma úttektina.

¹Verkefnið hefur gengið undir ýmsum nöfnum sem fjallað er um í 2. kafla. Verkefnið sjálft hefur einnig tekið breytingum í árunna rás. Í þessari skýrslu er hins vegar alltaf talað um *Heimabyggðin mín* eða „verkefnið“ með skírskotun í verkefnið á hverjum tíma, hver sem undirtitill eða yfirtitill þess er, inntak þess eða loka-markmið.

Framkvæmd og aðferðafræði úttektar

Gagnaöflun

Úttektin fór fram á haustmánuðum 2013. Ráðuneytið sendi bréf til þátttakenda og í kjölfarið var haft samband við þá til þess að hefja gagnaöflun. Við úttektina var ákveðið að nota blandaða aðferð við gagnaöflun og greiningu og byggja á samningi milli verkkaupa og verksala, gert var ráð fyrir að notast við fyrirliggjandi gögn ásamt því að byggja á viðtölum sem þyrfti að taka. Gagnaöflun var því með þrennum hætti.

Fyrirliggjandi gögn

Í fyrsta lagi var rýnt í fyrirliggjandi gögn, heimasíðu verkefnisins, heimasíður þátttökuskólanna og gögn frá verkefnisstjóranum, m.a. verkefnislýsingar, bréf til foreldra og nemenda og matskýrsluna *Unglingalýðræði í bæ og sveit* frá júní 2006. Einnig er farið yfir niðurstöður spurningakönnunar sem framkvæmd var af menntamálaráðuneytinu vorið 2013 meðal þátttökuskóla síðustu fimm ára. Niðurstöður könnunarinnar þykja styðja vel við viðtölin sérstaklega í ljósi þess að einn þátttökuskólanna datt út auk þess sem ekki var fullmannað í öll viðtöl og rýnihópa.

Viðtöl við stjórn Landsbyggðarvina

Í öðru lagi voru tekin viðtöl við verkefnisstjóra og fulltrúa úr stjórn félagsins *Landsbyggðarvina í Reykjavík og nágrenni*, tvær konur og einn karlmann. Verkefnið *Heimabyggðin mín* er rekið af viðkomandi félagi. Önnur kvennanna er verkefnisstjóri verkefnisins og jafnframt formaður félagsins. Viðtalið við hana var tekið á heimili hennar þar sem hún er jafnframt með vinnuaðstöðu. Hin konan er ritari í stjórn félagsins og hefur setið í stjórninni frá síðasta aðalfundi. Karlmaðurinn er meðstjórnandi í félaginu, hann hefur einnig setið í stjórn frá síðasta aðalfundi. Viðtölin við þau voru tekin á vinnustöðum þeirra.

Heimsóknir og viðtöl í þátttökuskólum

Í þriðja lagi voru tekin viðtöl við fólk úr skólasamfélagi þátttökuskólanna. Ákvörðun um þátttökuskóla í úttektinni var tekin hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu áður en gengið var til samninga við úttektaraðila. Fimm skólar urðu fyrir valinu.

Þrjár skólar voru heimsóttir, spurningalisti var sendur á skólastjóra fjórða skólans. Fimmti skólinn baðst undan þátttöku og ekki fengust svör við spurningalista sem var sendur á skólastjóran. Alls var rætt við 25 manns, 13 kvenkyns viðmælendur (56% viðmælenda) og 11 karlkyns viðmælendur (44% viðmælenda). Á töflu 1 má sjá betur skiptingu viðmælenda niður á skóla.

Skólarnir fimm eru:

- Auðarskóli, lítill skóli í sveit sem hefur tekið þátt í verkefninu þrjú til fjögur ár en er ekki þátttakandi þetta skólaár. Skólinn var heimsóttur og viðtöl voru tekin við skólastjóra, eitt foreldri og tvo kennara, tvær konur og tvo karlmenn. Allir nemendur með reynslu af verkefninu voru brottfluttir.
- Grunnskólinn í Þorlákshöfn, í dreifbýli, hefur tekið þátt tvisvar sinnum en ekki á þessu skólaári. Skólinn var heimsóttur og viðtöl tekin við skólastjóra, tvo kennara og eitt foreldri. Einn karlmann og tvær konur, önnur konan er bæði kennari við skólann og foreldri barns sem hefur tekið þátt í verkefninu. Einnig var í Þorlákshöfn tekið viðtal við rýnihóp fjögurra nemenda í 10. bekk, tveggja drengja og tveggja stúlkna.


- Víðistaðaskóli, stór skóli í þéttbýli, hefur tekið þátt tvisvar og er einnig þátttakandi á þessu skólaári. Skólinn var heimsóttur og rætt við skólastjóra, fjóra kennara og rýnihóp fjögurra foreldra, alls fimm konur og fjóra karlmenn. Einnig var þar rætt við tvo nemendur, báðir drengir.
- Reykhólaskóli, lítill skóli í sveit sem hlaut verðlaun fyrir þátttöku árið 2012. Skólinn tekur ekki þátt þetta skólaár. Skólinn afþakkaði heimsókn þar sem skólastjórinn sem þekkti til verkefnisins er hættur störfum og kennarar einnig. Nemendur voru allir brottfluttir. Skólastjórinn sem er hættur störfum svaraði hinsvegar spurningalista að beiðni úttektaraðila sem sendur var til hans í tölvupósti.
- Norðlingaskóli, miðlungsstór skóli í þéttbýli sem tók þátt skólaárið 2009 – 2010. Skólinn baðst undan þátttöku.

SKÓLI	SKÓLASTJÓRI	KENNARI	FORELDRI	NEMANDI	KVK	KK	ALLS
AUÐARSKÓLI	1	2	1	0	2	2	4
GRUNNSKÓLINN Í PORLÁKSHÖFN	1	2	1(0) ²	4	5	3	8
VÍÐISTAÐASKÓLI	1	4	4	2	5	6	11
REYKHÓLASKÓLI	1	0	0	0	1	0	1
NORÐLINGASKÓLI	0	0	0	0	0	0	0
ALLS	4	8	6	6	13	11	24

Tafla 1. Fjöldi viðmælenda eftir skólum

Á mynd 1 má sjá dreifingu þátttökuskóla eftir landshlutum. 75% skólanna eru staðsettir á landsbyggðinni meðan fjórðungur, tveir skólar eru á höfuðborgarsvæðinu:

²Foreldrið er einnig meðal kennarahópsins og því ekki tekið með í samtöluna



Mynd 1. Dreifing þátttökuskóla í viðtalsrannsókn eftir landshlutum

Úrvinnsla og greining

Rýnt var í fyrirbyggjandi gögn, heimasíður, skýrslur, kynningarbréf og fleira og það skráð niður sem gat varpað ljósi á markmið úttektarinnar og nýst í efniskaflana til stuðnings niðurstaðna úr viðtölum og spurningakönnun.

Ákveðið var að fjalla um niðurstöður spurningakönnunar menntamálaráðuneytisins meðal þátttökuskóla síðustu fimm ára í sérstökum kafla. Niðurstöðurnar voru sendar úttektaraðila í tölvupósti. Úttektaraðili dró þær saman og túlkaði með hliðsjón af því sem skipti sérstöku máli fyrir markmið úttektarinnar og gat varpað ljósi á niðurstöður gagnaöflunar að öðru leyti.

Viðtölin voru opin og óstöðluð en stuðst var við grófan viðtalsramma. Viðtölin voru tekin upp á stafrænt upptökutæki með hljóðskrá og flutt yfir á tölvu. Hlustað var á þau og þau afrituð orð fyrir orð. Rýnt var í viðtölin, þau marglesin yfir og dregnir fram þættir og þemu. Rýnt var í niðurstöður hvers skóla fyrir sig, dregið saman og það helsta skráð niður. Í kjölfarið var gerð greining sem byggði á sameiginlegum þemum allra skólanna.

Greining á heildarniðurstöðum allra gagna

Lokasamantekt og greining var gerð úr heildarniðurstöðum allra gagna. Niðurstöður voru þá flokkaðar niður, rýndar og kannað hvar væri að finna sameiginlega fleti sem skiptu máli fyrir markmið úttektarinnar. Í niðurstöðukafla koma fram frásagnir viðmælenda ásamt upplýsingum úr fyrirbyggjandi gögnum, engu er bætt þar við og orð viðmælendanna eru notuð. Skýrsluhöfundur notar eigin orð í bland í samantektar- og greiningarköflum en stuðst er þar við beinar tilvitnanir frá viðmælendum. Gagnaöflun lauk 27. nóvember 2013.

Niðurstöður

Heimabyggðin mín

Forsaga

Verkefnið *Heimabyggðin mín* er hugmynd frá Friðu Völu Ásbjörnsdóttur³ sem er verkefnisstjóri verkefnisins. Hugmyndinni var hrint í framkvæmd í kjölfar þess að norrænu byggðaþróunarsamtökin *Hela Norden ska leva* fengu hann til samstarfs við önnur verkefni sem tengjast byggðaþróun á Íslandi. Verkefnið hófst árið 1987 með annað heiti og í annarri mynd en það þekktist í dag. Núverandi verkefnisstjóri og formaður samtakanna *Landsbyggðarvinir í Reykjavík og nágrenni* tók þá að sér að kenna brottfallsnemendum, fá frá þeim eitthvað jákvætt og uppbyggilegt, horfa á þeirra sérstöðu og sjá hvernig hægt væri að nýta sköpunarkraft þeirra. Í kjölfarið varð verkefnisstjórinn formaður félagasamtaka sem höfðu meðal annars það markmið að stuðla að örvun og eflingu byggðar á Íslandi. Þá opnaðist tækifæri til að koma á verkefni fyrir ungmenni sem fékk þau til að hugsa út fyrir rammann á svipaðan hátt og unnið hafði verið með brottfallsnemendurnar á sínum tíma.

Áhugi og eldmóður varð til þess að farið var í það að fjármagna verkefnið og til þess nýtti verkefnisstjórinn meðal annars ýmis sambönd frá fyrri tíð sem talið var að gætu veitt verkefninu aukið vægi. Lögð var áhersla á samstarf við áhrifafólk í íslensku þjóðfélagi og fagfólk þekkt af störfum sínum. Viðkomandi hafði þá unnið með aðilum í hinum norrænu byggðaþróunarsamtökum í átta ár og smám saman byggt upp farveg fyrir þetta nýja verkefni sem bar þá heitið *Unglingalýðræði í sveit og bæ*. Það verkefni var ætlað ungu fólki 13 – 17 ára og varðaði heimabyggð þess og lýðræði.

Verkefnisstjóri í dag er sá sami en verkefnið er rekið af öðru félagi, *Landbyggðarvinir í Reykjavík og nágrenni* og er verkefnisstjórinn formaður þeirra. Verkefnið í dag ber heitið *Heimabyggðin mín - nýsköpun - heilbrigði og forvarnir* og er ætlað ungu fólki 12 - 30 ára bæði í grunn- og framhaldsskólum landsins, heimabyggð þess og lýðræðisvitund. Nú er 10. starfsár verkefnisins og eru þátttökuskólar frá upphafi um sjötíu talsins.

Stjórn Landsbyggðarvina - verkefnisstjórn

Landsbyggðarvinir í Reykjavík og nágrenni er áhuga- og hugsjónafélag um betra Ísland með áherslu á ungt fólk, virkni þess og framtak til góðra mála. Félagsmenn eru um 300 og geta allir orðið félagar. Árgjald er tvö þúsund krónur. Félagið rekur verkefnið *Heimabyggðin mín*. Félagið hefur tekið þátt í fleiri verkefnum sem tengjast nýsköpun og byggðaþróun en þetta verkefni er umfangsmest af þeim. Meðal annarra verkefna sem félagið hefur tekið að sér eru verkefni í samstarfi við önnur Norðurlönd eða heimastjórnarsvæði og eru dæmi þess að þau hafa teygst anga sína í verkefnið *Heimabyggðin mín*.

Stjórn *Landsbyggðarvina í Reykjavík og nágrenni* telur fimm manns, tvær konur og þrjú karlmenn. Önnur kvennanna er formaður félagsins og jafnframt verkefnisstjóri þess verkefnis sem hér um ræðir. Hún er menntaður kennari og næringarfræðingur jafnframt því að stunda nám í verkefnisstjórn. Stjórnin er valin af formanni með þeirri undantekningu að sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar velur fulltrúa Reykjavíkur í stjórnina. Eins og fram hefur komið leggur verkefnisstjórinn áherslu á samstarf við áhrifafólk úr íslensku þjóðfélagi og fagfólk, það á einnig við um val á fólki í stjórn. Slíkt val þykir vera sérstakur gæðastimpill á verkefnið og sönnun fyrir árangri. Stjórnin er bæði skipuð fólki með þekkingu á sviði skólamála og ekki síst fólki sem hefur verið að gera góða hluti fyrir landið, er klárt og eftirsóknarvert. Það er misjafnt hvort stjórnarmeðlimir hafi þekkt til eða heyrt af félaginu áður en þeir tóku að sér stjórnarsetu. Í núverandi stjórn eru auk formannsins, prófessor í stjórn málafræði, verkefnisstjóri á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar,

³ Bæði formaður félagsins og verkefnisstjóri. Hér eftir nefnd verkefnisstjóri.

framkvæmdastjóri fyrirtækis á sviði orkumála og forstöðumaður rannsóknarstofnunar á sviði stjórnunar. Hlutverk stjórnarinnar er meðal annars að fylgjast með framvindu verkefnisins og árangri og stjórnin er ávallt upplýst um stöðu verkefnisins. Verkefnisstjórinn leggur mikið upp úr samstarfi og ábyrgð stjórnarinnar þó svo að hún sé ekki formleg verkefnisstjórn þessa tiltekna verkefnis.

Stjórnin fundar að jafnaði einu sinni í mánuði og er verkefnið *Heimabyggðin mín* ávallt einn dagskrárliðanna og umfangsmestur ásamt fjármögnun verkefnisins. Á stjórnarfundum fara fram hreinskilin skoðanaskipti um verkefnið og stjórnin leiðbeinir verkefnisstjóranum (formanni stjórnarinnar). Stjórnin er ólaunuð og vinnuframlag annarra stjórnarmanna en verkefnisstjóra milli stjórnarfunda er lítið að frátöldum almennum stuðningi við verkefnisstjóra.

Töluverð vinna hefur farið í að fjármagna verkefnið *Heimabyggðin mín*. Fjármögnun hefur reynt sérstaklega erfið eftir að verkefnið færðist milli félagasamtaka og í ljósi þess að *Landsbyggðarvinir í Reykjavík og nágrenni* hafa ekki fengið formlega viðurkenningu sem landsbyggðarsamtök / regnhlífarsamtök þó að það standi til í janúar 2014. Verkefnisstjórinn hefur unnið hörðum höndum að því að finna verkefninu fastan fjárhagsgrundvöll og hvatt stjórnarmenn til að gera hið sama. Á tímabili var reynt að gera samninga við fyrirtæki um fjármagn fimm ár í senn en sú tíð er liðin. Félagið hefur fengið stuðning frá hinu opinbera þó svo að ekki hafi verið um föst fjárframlög að ræða. Öll vinna við fjármögnun miðar að því að fá litlar upphæðir fyrir einstaka póstum sem tengjast utanumhaldi, veitingum á verðlaunahátíð, ferðakostnaði ásamt fleiru. Allt annað vinnuframlag við verkefnið sjálft er því ólaunað. Aldrei hefur komið til tals að láta skólana greiða fyrir þátttöku.

Vinnuframlag

Öll vinna sem snýr að umsýslu verkefnisins er ólaunuð. Verkefnisstjórinn er í fullu starfi við umsýsluna en hefur tamið sér ákveðið verklag í gegnum árin. Eftir heimsóknir í skólana á haustin tekur við tími fjármögnunar og undirbúnings fyrir mat á verkefnum sem koma til álita fyrir dómnefnd. Þátttökuskóla í síðari hlutanum þarf að fóðra með efni og undirbúa þarf verðlaunahátíð að vori og allt sem snýr að henni og störfum dómnefndar. Verkefnisstjóri kallar til samstarfs við sig fólk úr stjórn eftir því sem við á. Fólk í stjórn er hins vegar mjög upptekið og telur verkefnisstjórinn það meðal annars stafa af því að þar situr „klárt“ fólk sem er mikilvægt fyrir ásýnd félagsins og þess vegna hvílir vinnuframlagið að mörgu leyti á einni manneskju. Lögð hefur verið áhersla á að skipa verndara verkefnisins og hafa fyrrverandi forsetafrú og fyrrverandi fegurðardrottning meðal annars gegnt því hlutverki. Slíkt kallar á meiri vinnu en að sama skapi nýtist það verkefninu og hefur til að mynda önnur þeirra heimsótt þátttökuskóla með verkefnisstjóranum. Verkefnisstjórinn telur að vinnuframlagið geti auðveldlega verið heilt starf árið um kring, svo mikið er það að ekki er unnt að taka frí yfir sumartímann nema ef til vill 2- 3 vikur.

Þátttökuskólar

Þátttökuskólar frá upphafi eru um sjötíu talsins á öllu landinu. Verkefnisstjóri hefur tileinkað sér ákveðna aðferðafræði til þess að finna þátttökuskóla en þar hefur verið á brattann að sækja. Á vorin verður verkefnisstjórinn sér út um lista með nöfnum allra skólastjóra á landinu. Í kjölfarið er svo listinn skoðaður og haft samband við skólastjóra sem eru álitlegir til samstarfs og jarðvegurinn þannig kannaður. Stundum strandar samstarfið á áhugaleysi kennara því kennurum finnst verkefnið vera aukavinna og framvindan byggir mikið á eldmóði og áhuga kennaranna. Dæmi eru um fámenna skóla sem koma inn í verkefnið á þriggja ára fresti en það er erfiðara að ná í fjölmenna skóla og sérstaklega skólana á höfuðborgarsvæðinu, eina haldbæra skýringin er sú að um sé að ræða aukavinnu af hendi kennaranna. Frá árinu 2005 þegar verkefnið var í fyrsta sinn rekið undir hatti hins nýja félags hafa þátttökuskólar frá höfuðborgarsvæðinu verið sjö talsins. Á töflu 2 eru þátttökuskólar eftir landshlutum.

Landshluti	2003-2004*	2004-2005*	2005-2006	2006-2007	2007-2008	2008-2009	2009-2010	2010-2011	2011-2012	2012-2013	Alls
Austurland			2	1	2	2	1				8
Suðurland			1	2	2	1	1	1		2	10
Reykjanes						1					1
Höfuðborgarsvæðið			1	1	1	1	1	2	1	3	11
Vesturland			2	1	2	1	2	1	3	1	13
Vestfirðir			1	2	2	1		1	1		8
Norðurland vestra											0
Norðurland eystra			1	2		2		2	1	2	10
Alls			8	9	9	9	5	7	6	8	61

Tafla 2. Þátttökuskólar síðastliðinna tíu ára eftir landshlutum

Heimsókn í þátttökuskóla

Þeir skólar sem tilkynna þátttöku eru í kjölfarið heimsóttir af verkefnisstjóra. Þá er verkefnið kynnt fyrir nemendum og reynt að kveikja hjá þeim áhuga. Verkefnisstjórinn beitir ákveðinni tækni til að ræða við nemendur sem fær að sögn verkefnisstjórans nemendurna til að losa um fjöttra ef þeir eru til staðar. Heimsóknin krefst vinnu af hendi skólanna, verkefnisstjórinn kynnir sér hvað er efst á baugi innan hvers skóla í heimsóknunum og ræðir við bæði kennara og annað starfsfólk. Í samtölum við nemendur er lögð áhersla á að þeir fjalli um eitthvað sem stendur þeim nær, að þeir ræði hugmyndir sínar heima fyrir og að þeir sjái fyrir sér mismunandi skeið í lífinu.

Í heimsókninni er rætt við kennarana en ekki er sérstaklega farið fram á það við þá að verkefnið sé fléttuð inn í kennslu í ákveðnum námsgreinum. Það er ekkert rétt eða rangt í verkefninu, það vex sífellt og dafnar og innlögnin er einn þáttur þar á meðal.

Heimsóknir fara fram þegar skólastarf er hafið og komið nokkuð af stað. Verkefnisstjórinn fer oftast einn í heimsóknirnar og það geta farið 10 – 14 dagar í hringferð um landið til þess að heimsækja skólana.

Markmið og verkefnislýsing

Verkefnið *Heimabyggðin mín*, heiti þess og markmið hafa tekið nokkrum breytingum í gegnum tíðina. Höfuðáherslan hefur hins vegar alltaf verið sú sama, á eflingu heimabyggðar og lýðræðisvitundar. Nokkur heiti á verkefninu s.l. tíu ár eru:

- Unglingalýðræði í sveit og bæ
- Unglingar, lýðræði og heimabyggðin
- Unga fólk og heimabyggðin
- Heimabyggðin mín – Nýsköpun – Heilbrigði og forvarnir
- Sköpunargleði – Heimabyggðin mín – Nýsköpun – Heilbrigði og forvarnir
- Sköpunarkraftur – Heimabyggðin mín, nýsköpun, heilbrigði og forvarnir

Núverandi markmið eru samkvæmt heimasíðu *Landsbyggðarvina í Reykjavík og nágrenni* eftirfarandi:

- Að hvetja ungt fólk til að hugsa um heimabyggð sína út frá þeim tækifærum sem þar bjóðast og miða að því að gera heimabyggðina að betri stað að búa á og eftirsóknarverðari stað til að flytjast til

* Ekki fengust upplýsingar

* Ekki fengust upplýsingar

- Að hver og einn fái notið sín á eigin forsendum, að frumkvæði komi frá þátttakendum sjálfum
- Að efla sköpunargleði ungs fólks
- Að unga fólkið kynnist öðruvísi og betur heimabyggð sinni og finni að það geti haft áhrif, að á það sé hlustað og um leið verði það að hæfari einstaklingum til lýðræðislegrar þátttöku

Verkefnið er tvískipt. Fyrri hlutinn er unninn fyrir áramót og seinni hlutinn eftir áramót. Fyrri hlutinn er einstaklingsvinna og skila þá nemendur ritgerð, tvær til fjórar blaðsíður á lengd. Nemendum er ætlað að gaumgæfa málefni heimabyggðar sinnar, velta fyrir sér framtíðarmöguleikum hennar og gera sér grein fyrir því hvað þeir geta lagt af mörkum. Þátttakendum eru gefnar frjálsar hendur með framsetningu á hugmyndum en mikilvægt er að framsetningin sé skýr, skiljanleg og í stuttu máli og ritgerðarformið hefur gefist vel. Sá kennari, sem heldur utan um verkefnavinnuna í skólanum, er ábyrgðarmaður og tengiliður verkefnisstjóra.

Síðari hlutinn er hópverkefni. Til dæmis þrír, fjórir eða fimm nemendur saman og felst í útfærslu á bestu hugmyndum sem komu fram í fyrri hlutanum og gefa fyrirheit um betri og lífvænlegri heimabyggð. Best er ef hægt er að framkvæma hugmyndina. Síðan velur hver skóli eina til þrjár bestu lausnir til mats fyrir dómnefnd, sem mætir á staðinn. Útfærslan má vel vera samsett úr fleiri ólíkum þáttum, til dæmis tónlist, leikþætti eða fundi sveitarstjórnarmanna. Til dæmis hvernig hægt væri að stuðla að fólksfjölgun á svæðinu.

Dómnefnd og verðlaun

Hlutverk dómnefndar er að meta ritgerðirnar með áherslu á góðar hugmyndir fyrir byggðina og hvernig framlag þeirra getur skipt máli. Dómnefnd er valin með það í huga að skipa hana fólki sem er fært um að leiðbeina um næstu skref og helst arkitekt þar á meðal. Við val á dómnefnd skiptir það sama máli og þegar valið er í stjórn, þ.e. að skipa hana framúrskarandi fagfólki og fólki sem er eftirsótt. Á tímabili fékk dómnefndin greitt fyrir störf sín en það hefur ekki gerst eftir hrún. Nú er reynt að lágmarka allan kostnað. Dómnefndin er hvati fyrir verkefnið.

Lagt er upp með að dómnefnd heimsæki þáttökuskólana á hverju vori. Í kjölfarið er verðlaunahátíð í Reykjavík þar sem veitt eru verðlaun fyrir bestu verkefni að mati dómnefndar. Val dómnefndar er talið vera hvati umfram hefðbundna einkunnagjöf. Þegar dómnefnd heimsækir skólana er reynt að fá viðkomandi sveitarstjórn einnig á staðinn til þess að kynna henni verkefnið og byggja þannig brú milli borgar og bæjar.

Verðlaunahátíðin er sérstök athöfn sem haldin er í Reykjavík á hverju vori. Stjórn undirbýr athöfnina. Athöfnina sækja verðlaunahafar ásamt foreldrum sínum, skólastjóra og kennurum. Félagið greiðir ferðakostnað fyrir verðlaunahafa og eitt foreldri. Oft hafa sveitarstjórnar sótt verðlaunahátíð.

Athöfnin er með hátíðlegum brag og hún er auglýst meðal félagsmanna. Á athöfninni fá nemendur tækifæri til þess að kynna verðlaunaverkefnið sitt og útskýra það fyrir hópi fólks. Athöfnin hefur verið mjög gefandi fyrir fólkið sem þar hefur mætt. Stjórn félagsins er einnig á einu máli um að það gefur börnunum mikið að sækja viðburðinn og þau fyllast stolti. Verðlaunahátíðin er nokkurs konar uppskeruhátíð. Ýmis fyrirtæki hafa þá veitt styrki í formi verðlauna, til að mynda útivistarfatnað o.fl.

Afrakstur og afurðir

Dæmi eru um að hugmyndir nemenda hafi orðið að veruleika. Dæmi þess að ýmsir aðilar hafi sýnt einstaka hugmyndum áhuga eru mörg. Verkefnisstjórinn reynir að koma því áleiðis til nemendanna að eitthvað sem þykir fásinna í dag geti verið góð hugmynd eftir 10 – 15 ár. Það tekur tíma að láta drauma verða að veruleika og lífið er ekki þannig að allir draumar rætast á svipstundu.

Helstan ávinning telur verkefnisstjórinn ekki felast í hugmyndunum sem slíkum heldur frekar þeirri hugarfarsbreytingu sem á sér stað hjá þeim sem taka þátt sem felur meðal annars í sér heilbrigð gildi og skilning á því að það verði að hafa fyrir hlutunum og þeir taka tíma. Stjórn félagsins er ekki í neinum vafa um að þátttaka í verkefninu geti eflt sjálfsmýnd unglunga og fengið þá til að horfa öðrum augum á sína heimabyggð. Verkefnið getur hvatt til þess að nemendur fari að hugsa öðruvísi, þeir geta jafnvel búið að því að hafa eitt sinn unnið tillögu í grunnskóla sem væri gaman að gera eitthvað með síðar, fá fjármagn til að láta hana verða að veruleika og svo framvegis.

Upplýsingagjöf - samfélagið

Félagsmenn í *Landsbyggðarvinum í Reykjavík og nágrenni* eru rétt um 300 talsins um allt land. Við leit á helstu fjölmiðlum finnst jafnan ekkert undir leitaraskilyrðum að frátöldum fréttatilkynningum 1-3 sinnum á ári og einstaka greinum frá formanni. Ýmsir staðbundnir fjölmiðlar hafa birt myndir og fréttir ef nemendur staðarins hafa fengið verðlaun fyrir úrlausnir.

Félagið er með heimasíðu undir hlekknum www.landsbyggðarvinir.is. Upplýsingar á síðunni eru af skornum skammti og framsetning frekar óskýr. Félagið er ekki með síðu á samfélagsmiðlum né heldur verkefnið sjálft og bein upplýsingamiðlun við nemendur og foreldra fyrir utan heimsókn verkefnisstjórans er engin, nema þá ef nemandi fær verðlaun.

Matskýrsla 2006

Árið 2006 framkvæmdi Sigurlína Davíðsdóttir mat á árangri verkefnisins *Heimabyggðin mín* sem hét þá *Unglingalýðræði í bæ og sveit*. Matskýrslan var gerð fyrir *Landsbyggðarvini í Reykjavík og nágrenni* og þátttakendur voru nemendur átta grunnskóla sem tekið höfðu þátt í verkefninu. Gerð var innihaldsgreining á verkefninu, rætt var við rýnihópa og lagður var spurningalisti fyrir þá. Niðurstöður skýrslunnar gefa til kynna að helstu markmið verkefnisins náðust. Viðhorf unglunganna til heimabyggðar var jákvæðara og þeir virtust vera ákveðnari í því að stefna á framhaldsnám. Þeir fengu einnig tilfinningu fyrir því að á þá væri hlustað. Framkvæmd virtist að mati unglunganna takast vel en í sumum skólum var hætt við síðari hlutann. Þá óskuðu nemendur eftir meira samstarfi við aðra þátttökuskóla og lögðu áherslu á að hugmyndir þeirra þyrftu nauðsynlega að rata til yfirvalda.

Samantekt og greining

Umgjörð

Verkefnið *Heimabyggðin mín* varð til vegna frumkvæðis og eldmóðar núverandi verkefnisstjóra sem hefur unnið stöðugt að þróun og framgangi þess í núverandi mynd síðastliðin tíu ár. Verkefnið er persónulegt hugarfóstur og ber þess keim, það endurspeglast í eldmóði, ólaunuðu vinnuframlagi, ákvarðanatöku, umgjörð og fleiru. Verkefnisstjórinn er ákaflega áhugasamur og vinnur mikið hugsjónastarf í þágu verkefnisins. Verkefnisstjórinn hefur nýtt fyrri sambönd og reynslu í verkefnið til að mynda með því að fá til liðs við sig framúrskarandi fagfólk sem virðist vera eftirsóknarvert:

En það er of mikil vinna á eina manneskju. Það kemur líka af því að það er ekki launað. Það kemur líka af því að maður velur þetta fólk og ég gæti alveg valið fólk sem er ekki svona outstanding eða svona mikið en þá er það ekki eins gott og ég sé alveg að ég get valið það en þá er það ekki svona klárt og eftirsóknarvert. Þannig að ég vel toppinn, bestu gæði mögulegu og verð þá að vinna þetta mikið sjálf.

Verkefnisstjórinn tekur meðvitaða ákvörðun um að láta vinnuframlagið hvíla að mörgu leyti á eigin herðum. Einnig lítur út fyrir að hann geti tekið nokkuð sjálfstæðar ákvarðanir um þróun verkefnisins í heild sinni, umgjörð þess og framgang, þó með álit stjórnar í farteskinu. Stjórnin fylgist vel með

framgangi, er upplýst og ber ábyrgð en vinnan hvílir að mestu á verkefnisstjóranum. Það skýrist að einhverju leyti af því að verkefnisstjórinn er einnig formaður þess félags sem rekur verkefnið, það er engu að síður athyglisvert hve mikil vinna hvílir á verkefnisstjóranum og hve mikið utanumhaldið er í heild sinni.

Þróun og þátttaka

Verkefnið hefur á vissan hátt ekki þróast mikið né tekið miklum breytingum á tíu árum og á heildina hefur það ekki vaxið. Kjarninn í markmiðum þess er sá sami og fjöldi þátttökuskóla hefur staðið í stað, ekki farið yfir níu skóla á hverju skólaári. Verkefnið hefur hins vegar skipt um nafn nokkrum sínum og ef til vill hefur verið reynt að gera það aðlaðandi fyrir fleiri skóla. Sérstaklega hefur verið litið til þess að fá inn skóla af höfuðborgarsvæðinu:

En þetta er líka heill kapítuli út af fyrir sig að fá skólana.

[...]að átta skólar hafi staðfest þátttöku og að fleiri séu á leiðinni en segir svo í bréfinu ég er helst óánægð með Reykjavíkursvæðið. En það er dálítið mikið í boði í Reykjavík[...] það þarf að láta vita fyrir, það þýðir ekki í júlí, skólarnir skipuleggja sig snemma. Það getur verið ein af ástæðunum.

Það má greina hjá stjórn viss vonbrigði með að ekki fást fleiri skólar til þátttöku og spurt er um ástæður. Kennarar geta þar haft áhrif því ef verkefnið verður einhvers konar aukavinna þá kjósa þeir hugsanlega síður að taka þátt í verkefnum sem þessum. Nafnbreyting ein og sér virðist ekki þróa verkefnið og það er spurning með hvaða hætti það ætti að þróast ef innihaldið stendur fyrir sínu. Hugsanlega gæti upplýsingagiöfin, kynningin út á við, á verkefninu verið áhrifaþáttur í þessu sambandi. Að minnsta kosti er vert að gefa því gaum hvað ræður því helst að skólar fást ekki til þátttöku.

Kynning og upplýsingagjöf

Verkefnisstjórinn leggur áherslu á að heimsækja þá skóla sem staðfesta þátttöku. Það er gert að hausti þegar skólastarf er hafið. Verkefnisstjórinn fer oftast einn í skólana og hefur þróað með sér sérstaka tækni til þess að ræða við unglingana:

Bara láttu mig tala við krakkana. Og þegar ég tala við krakkana þá tala ég ekki við þá eins og fullorðið fólk heldur eins og unglingar eins ég held þeir hugsa. [...] Og þegar ég tala við krakkana þá segi ég þeim svona að ég sé frá Reykjavík og við þykjumst svolítið góð með okkur en ég segi þeim að við viljum vinna með þeim. Komið þið með brjáláðar hugmyndir! Það geta verið bestu hugmyndirnar eftir 10-15 ár. Ég hræri svolítið í þeim þú veist og spyr þá öfugt við það sem fullorðna fólk gerir. Ég tala út og suður og fæ þau til að missa einhverja fjötra sem ég held að þau séu í og hafa svolítið gaman.

Í heimsókninni er verkefnið kynnt en auk þess fá nemendur einfalt bréf með upplýsingum um verkefnið og foreldrar sömuleiðis. Kennarar fá bréf með leiðbeiningum sem eru í meginatriðum þær sömu og nemendur fá. Hugsanlega er kynningin of seint á ferðinni og sömuleiðis er spurning hvort kynning sem þessi eigi upp á pallborðið hjá nemendum. Kynningin endurspeglast í því að félagið sem rekur verkefnið er ekki áberandi né fyrirferðamikið. Nemendur sem taka þátt sakna samskipta við nemendur í öðrum skólum og skólafélagar eru ekki þátttakendur né áhorfendur þegar verðlaunum er veitt viðtaka. Hvergi er hægt að lesa sér til um fyrri verðlaunahafa eða kynna sér þær hugmyndir sem

hafa fæðst í gegnum tíðina. Ekki er hægt að sjá hverjir þátttökuskólarnir, keppinautarnir, eru hverju sinni og ekki er vitað hverjir sitja í dómnefnd nema með tilviljanakenndum hætti. Þrátt fyrir gott verkefni þar sem hvatt er til frumkvæðisvinnu og sköpunar er því að finna hindranir, meðal annars skort á upplýsingagjöf sem endurspeglast einnig í óskýrri framsetningu á markmiðum.

Markmið og innihald

Það er ljóst að verkefnið snýst um heimabyggð og nýsköpun (hugmyndavinnu), hvernig nemendur geti haft áhrif og séð tækifæri á þeim stað sem þeir búa á. Ef litið er á markmið verkefnisins og innihald má hins vegar greina ýmsa afgerandi þætti sem flokka má í styrkleika og veikleika:

VEIKLEIKAR	STYRKLEIKAR
Markmið eru fremur óljós og skipulagið er óljóst.	Aðal inntakið skýrt og aðferðafræði er skýr.
Verkefnið hefur meðal annars skipt nokkrum sinnum um nafn.	Verkefnið er mjög opið, það getur átt heima á mörgum stöðum í aðalnámskrá ef horft er til þeirra fimm grunnþátta menntunar sem þar eru nefndir.
Ósamræmi er milli markmiða og verkefnislýsingar sem birt eru á heimasíðu og í bréfi til nemenda.	Það lítur út fyrir að auðvelt sé að flétta verkefnið inn í ýmsar námsgreinar.
Það er óljóst hvaða leiðir á að fara til þess að ná markmiðunum (t.d. er ekki lagt upp með að flétta verkefnið í aðrar námsgreinar). Skýr skilaboð gætu auðveldað þátttöku.	Hægt er að nýta verkefnið bæði sem þróunarverkefni og til að brjóta upp hefðbundna kennslu.
Námsmatsaðferðir eru í höndum kennara fyrir utan það mat sem verkefnisstjórnin leggur á verkefnið og sum koma til álita fyrir dómnefnd.	Farið er fram á frumkvæðisvinnu af hálfu nemenda sem eru að öðru leyti vanir mötun, þ.e. innlögn á námsefni úr kennslubókum.

Tafla 3. Styrkleikar og veikleikar sem greina má á markmiðum og innihaldi verkefnisins

Ýmsir veikleikar sem nefndar eru hér að ofan geta tvímælalaust talist til styrkleika, allt eftir því hvert sjónarhornið er. Samt sem áður eru þetta atriði sem er í flestum tilfellum auðvelt að bæta úr og taka til skoðunar til þess að gera gott verkefni betra. Verkefnið hefur alla burði til þess að verða skýrara og umfang þess í skólastarfinu gæti jafnframt aukist með betra skipulagi.

Endurgjöf

Úrlausnir nemenda eru metnar af dómnefnd. Hún er skipuð með sama hætti og stjórn, reynslumiklu fólki, „toppunum“ í samfélaginu. Dómnefndin er hugsuð sem hvati og fá bestu úrlausnirnar að mati dómnefndar verðlaun á sérstökum viðburði í höfuðborginni. Sveitarstjórn og foreldrum viðkomandi nemenda er boðið á viðburðinn, uppskeruhátíðina. Þegar dómnefnd er fengin til að meta lítil verkefni sem þessi er óhjákvæmilegt að spyrja um tilgang og ekki síður markmiðið. Dómnefndin í þessu tilfalli er skipuð fólki sem hefur hæfileika til að leiðbeina um næstu skref. Stjórn félagsins trúir því að dómnefndin sé beintengd markmiðunum, ákveðinn þáttur í því að fá eitthvað gott út úr verkefninu:


Til þess að eitthvað gangi upp þarf að setja markmið. Prófin á vorin eru örugglega eðlileg markmið. Ef það er ákveðið að taka þátt í þessu

verkefni þá er markmið að það komi eitthvað gott út úr því. Þá er það listin að láta það gerast ég legg áherslu á að margir ólíkir aðilar taka þátt.

Þegar dómnefnd er kölluð til að meta eitthvað er væntanlega gengið út frá því að um mikilvæga afurð sé að ræða sem hefur kostað bæði tíma og fyrirhöfn. Í þessu sambandi er áhugavert hvort afköst séu sambærileg milli skóla, hvort kennslustundirnar þar sem verkefnið er tekið fyrir séu jafnmargar og hvort umfangið telst jafnstórt milli skólanna. Einnig er það umhugsunaratriði hvort afurðirnar sem dómnefndin hefur metið til verðlauna fái áframhaldandi brautargengi og hvort það komi einhver stuðningur í kjölfarið. Það er umhugsunarvert að fyrirbyggjandi upplýsingar benda til þess að lítið sem ekkert er um það að hugmyndir nemenda fái brautargengi. Það setur spurningar við það hvort unga fólkinu finnist það í raun geta haft áhrif og á það sé hlustað. Matsskýrsla Sigurlínu Davíðsdóttir bendir einnig á skort á því. Umgjörðin sem á sér rætur að minnsta kosti áratug aftur í tímann þarfnast hugsanlega endurskoðunar og þá er ekki síst rétt að skilgreina hlutverk dómnefndar, upplýsa um það, fyrirbyggja misskilning og auka trúverðugleika verkefnisins.

Samantekin hringrás

Ef samantektin hér að ofan er skoðuð vandlega má greina ákveðna hringrás þeirra þátta sem hafa verið til umfjöllunar og hafa áhrif. Þá sést á mynd 2 hvernig þeir hafa allir áhrif á hvern annan jafnvel þannig að einnig er hægt er að snúa örvunum öfugt og áhrifin eru jafnmikil. Það er því ljóst að ef ryðja á hindrunum úr vegi, þróa verkefnið, tryggja framgang þess og fastan sess þá verður að líta á alla þá þætti sem nefndir hafa verið, gaumgæfa þá og taka til endurskoðunar.




Mynd 2. Hringrás áhrifaþátta á verkefnið Heimabyggðin mín

Spurningakönnun

Í apríl 2013 var ákveðið hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu að framkvæma spurningakönnun meðal skólastjóra þátttökuskóla í verkefninu *Heimabyggðin mín*. Í þessum kafla er fjallað um þá könnun. Markmið könnunarinnar var að meta ávinning af þátttöku skóla í verkefninu og skoða með hvaða hætti verkefnið er fléttað inn í skólastarf og einstakar námsgreinar, t.d. lífsleikni, samfélagsgreinar, íslensku, nýsköpun. Kannað var meðal annars hvort verkefnið hafði breytt viðhorfum nemenda til menntunar, starfsmöguleika og heimabyggðar, hvort þátttaka í verkefninu væri talin hafa áhrif á námsárangur nemenda eða lýðræðisleg vinnubrögð og áhrif skólastarfsins á nærsamfélagið. Markmið spurningakönnunarinnar eru því í raun þau sömu og gerð þessarar úttektar í heild sinni. Niðurstöðurnar eru teknar til skoðunar til að kanna að hve miklu leyti þær styðja við niðurstöður annarra gagna, s.s. viðtala og fyrirbyggjandi gagna.

Gagnaöflun og framkvæmd

Könnunin var lögð fyrir alls 21 skólastjóra (N=21) þátttökuskóla undanfarinna fimm ára. Svör bárust frá 16 skólastjórum. Svarhlutfallið var 76%. Spurningarnar voru átján talsins. Á mynd 3 má sjá dreifingu þátttökuskóla þeirra sem svöruðu könnuninni eftir landshlutum⁴:



Mynd 3. Dreifing þátttökuskóla í spurningakönnun eftir landshlutum

Þrjú af sextán skólum eru á höfuðborgarsvæðinu eða um 19% þeirra sem svöruðu könnuninni. Flestir skólarnir eru frá Vesturlandi þar sem fjölmennasti þéttbýliskjarninn er Akranes með 6600 manns en skólinn þar hefur hins vegar ekki tekið þátt. Því má ætla að flestir svarendur koma úr miklu dreifbýli. Skólastjórar allra skólanna sem taka þátt í viðtalshluta þessarar úttektar tóku einnig þátt í umræddri spurningakönnun. Ekki er þó sjálfgefið að sama manneskjan hafi gegnt stöðu skólastjóra meðan þessar tvær kannanir voru gerðar.

⁴ Hlutfall miðast við upplýsingar sem koma fram í töflu 2.

Niðurstöður spurningakönnunar

Q1 Hvað réð því að skólinn ákvað að taka þátt í verkefninu Heimabyggðin mín? Merktu við það sem við á. Velja má fleiri en einn möuleika.

Answered: 16 Skipped: 0



Mynd 4. Hvað réði því að skólinn tók þátt


Sérstakar athugasemdir frá svarendum við þessari spurningu:

- Kynning var á verkefninu fyrir þremur árum og var þá unnið í þessu verkefni en síðan hefur skólinn ekki verið þátttakandi.

Spurt var hvað réði því að skólinn ákvað að taka þátt í verkefninu *Heimabyggðin mín*. Langflestir skólastjórar eða 87,5% segja að það sé vegna eigin áhuga sem skólinn ákvað að taka þátt. Næstflestir eða 37,5% segja það vera vegna frumkvæðis Landsbyggðarvina.

Q2 Hvernig var þátttöku nemenda í verkefninu háttað?

Answered: 15 Skipped: 1



Mynd 5. Hvernig var þátttöku nemenda háttað

Sérstakar athugasemdir frá svarendum við þessari spurningu:

- Engin þátttaka í vetur

Spurt var hvernig þátttöku nemenda í verkefninu væri háttað og var það afgerandi svar að verkefnið væri lagt fyrir einstaka árganga. 20% svarenda sögðu þó að verkefnið væri lagt fyrir alla nemendur á unglingsstigi.




Mynd 6. Hvernig verkefnið var skipulagt

Sérstakar athugasemdir frá svarendum við þessari spurningu:

- Ekkert unnið
- Samfélagsfræði og lífsleiknivinna

Spurt var um skipulag verkefnisins í þeim tilgangi að kanna hvernig/hvort það væri fléttað inn í aðrar námsgreinar. 57% skólanna segjast skipuleggja það sem sérstakt þemaverkefni og meirihluti þeirra sem ekki gera það sambætta/flétta verkefnið inn í nokkrar námsgreinar eða um 36%.




Mynd 7. Viðhorf nemenda samkvæmt svarendum til eigin menntunar

Sérstakar athugasemdir frá svarendum við þessari spurningu:

- Við teljum að þeir hafi tengt betur við skólann og heimabyggðina ásamt því að efla sjálfsmynd þeirra og það mun í framtíðinni treysta bönd þeirra við frekari menntun og líklega minnka líkur á því að þeir falli úr námi.
- Þeir fóru að horfa á umhverfi sitt á annan hátt og uppgötvuðu ónýtta möguleika.

Þátttakendur voru spurðir hvort þeir teldu að þátttaka í verkefninu hafði breytt viðhorfi nemenda til eigin menntunar. Já við þeirri spurningu segja 31% en nei tæplega 19%. Helmingur svarenda segir að þátttakan hafi að einhverju leyti breytt viðhorfinu.



Mynd 8. Hvernig starf nemenda er metið

Sérstakar athugasemdir frá svarendum við þessari spurningu:

- Ekkert unnið.
- Hluti af stærra námsmáti í samfélagsfræði og lífsleikni.
- Sett fram áætlun með teikningum og öðrum tillögum.

Spurt var hvernig starf nemenda í verkefninu væri metið. Tæplega 80% þátttakenda segja það metið með umsögn meðan helmingur segir það metið með ritgerð. Töluvert margir meta bæði umsagnir og ritgerðarvinnu.



Mynd 9. Hvort þátttaka auki áhuga nemenda á heimabyggð

Sérstakar athugasemdir frá svarendum við þessari spurningu:

- Þau sjá möguleikana sem eru til staðar ekki bara úthverfi heldur svæði sem hefur margt upp á að bjóða.
- Þau horfa til þess hvað megi bæta og gera sér grein fyrir því að þau geti haft áhrif t.d. í gegnum ungmennanþing, sem haldið verður hér í Hafnarfirði á næstunni.

- Þeir þurftu að lesa sig til um umhverfið og kynntust því þess vegna betur.
- Þau horfðu á umhverfið allt öðrum augum á jákvæðan hátt og sáu hvað hægt var að betrubæta.

Meirihluti þátttakenda, 63%, telur að þátttaka í verkefninu hafi aukið áhuga nemenda á heimabyggð. Nei við þessari spurningu segir einn skólastjóri.



Mynd 10. Hvort þátttaka breyti viðhorfi nemenda til starfsmöguleika í heimabyggð

Sérstakar athugasemdir frá svarendum við þessari spurningu:

- Já, þeir sáu að það er möguleiki á að gera margt, það er aðeins hugmyndaflugið sem þarf.

Spurðir að því hvort skólastjórnir telji þátttöku í verkefninu hafa breytt viðhorfi nemenda til starfsmöguleika í heimabyggð svara 25% þeirra já við þeirri spurningu og flestir segja að þátttakan hafi að einhverju leyti breytt viðhorfi nemenda til starfsmöguleika eða 56% skólastjóranna.




Mynd 11. Hvort þátttaka hafi leitt til þess að nemendum þyki viðhorf þeirra og skoðanir skipta meira máli en áður

Sérstakar athugasemdir frá svarendum við þessari spurningu:

- Þau hafa fengið jákvæð viðbrögð við því sem þau eru að gera og þau gera sér grein fyrir því að það sem þau setja fram skiptir máli.
- Þegar þeir kynntu verkefnið fyrir íbúum sveitarinnar þá fengu þau góðar og uppbyggilegar viðtökur.
- Vegna þess að þau fengu áheyrn í bæjarstjórn.

Þegar skólastjórnir voru spurðir hvort þeir telji að þátttaka í verkefninu hafi leitt til þess að nemendum þyki viðhorf þeirra og skoðanir skipta meira máli en áður svara flestir þeirra spurningunni játandi eða um 56% svarenda. Um þriðjungur notar svarmöguleikann að einhverju leyti.



Mynd 12. Hvort þátttaka að mati svarenda breyti viðhorfi til heimabyggðar


Sérstakar athugasemdir frá svarendum við þessari spurningu:

- Þau opnuðu augun fyrir þeim möguleikum sem þeirra hverfi býður upp á.
- Þau sjá möguleika til að hafa áhrif á þróun nærsamfélagsins.
- Sjá betur hvað umhverfið hefur upp á að bjóða.
- Nemendur sjá aukin tækifæri til nýsköpunar og átta sig á hvaða tækifæri bjóðast í heimabyggð. Nemendur gerðu sér betur grein fyrir þeim auðlindum sem heimabyggðin hefur fram að færa.

Þegar skólastjórnir eru spurðir hvort þeir telji að þátttaka hafi breytt viðhorfi nemenda til heimabyggðar svarar um helmingur þeirra eða 53% þeirri spurningu játandi. Nei segja um 13% þátttakenda.

Q10 Telur þú að þátttaka í verkefninu hafi breytt kennsluháttum sem algengt er að nota í skólanum?

Answered: 15 Skipped: 1




Mynd 13. Hvort þátttaka hafi breytt algengum kennsluháttum í skólanum

Spurt er hvort skólastjórnarnir telji að þátttaka í verkefninu hafi breytt kennsluháttum sem algengt er að nota í skólanum. Um er að ræða kvarðaspurningu þar sem nokkrir svarmöguleikar eru gefnir við hverja fullyrðingu. Ef litið er á fyrsta valmöguleikann „mjög vel“ segja 4 af 15 svarendum að þátttakan hafi breytt kennsluháttum og jafn margir segja að þeir hafi breyst að nokkru leyti. 2 af 15 segja að þeir hafi að engu leyti breyst.

Q11 Telur þú að þátttaka í verkefninu hafi leitt til betri námsárangurs nemenda í grunnskóla?

Answered: 15 Skipped: 1




Mynd 14. Hvort þátttaka hafi leitt til betri námsárangurs

Sérstakar athugasemdir svarenda við þessari spurningu:

- Vafalaust í samfélagsfræði og öðrum greinum ef það væri mælt.
- Með verkefni sem drifið er áfram á metnaði er fátt annað hægt en að auka námsárangur. Verkefnið ýtir undir frumkvæði nemenda sem auðvitað skilar sér í auknum námsárangri.

Verkefnið er samþætting margra greina og reynir á samvinnu og er því gott tæki til að auka námsárangur.

Spurðir um það hvort skólastjórnir telji þátttöku í verkefninu hafa leitt til betri námsárangurs nemenda í grunnskóla segir ríflega helmingur þeirra, 53%, nei við þeirri spurningu. 40% segja að einhverju leyti.




Mynd 15. Hvort nemendur öðlist meiri færni til vinnu á öðrum sviðum

Spurt var hvort þátttakendur í könnuninni teldu nemendur sem taka þátt í verkefninu öðlast meiri færni til vinnu á öðrum sviðum. Svör við kvarðaspurningu þar sem fimm svarmöguleikar voru fyrir hendi sýna mikla dreifingu á svörum. 3 af 15 sem er 20% þeirra sem svara segja fullyrðinguna að öllu leyti eiga mjög vel við og 2 af 15 segja það sama við fullyrðingunni um að það eigi að engu leyti við að nemendur öðlist meiri færni til vinnu á öðrum sviðum. Hér er því ekki um afdráttarlausar niðurstöður að ræða.

Q13 Telur þú að þátttaka í verkefninu leiði til jákvæðari skólabrags?

Answered: 14 Skipped: 2




Mynd 16. Hvort þátttaka leiði til jákvæðari skólabrags

Svör við svipaðri spurningu þar sem spurt er hvort verkefnið leiði til jákvæðari skólabrags sýna meiri jákvæðni en neikvæðni. Þriðjungur svarenda telur það eiga mjög vel við að verkefnið leiði að miklu leyti til jákvæðari skólabrags. Niðurstöður hér eru ekki afdráttarlausar nema að því leyti að verkefnið hefur tvímælaslaust einhver áhrif á skólabrag.

Q14 Hefur þátttaka í verkefninu stuðlað að auknum samskiptum heimilis og skóla?

Answered: 15 Skipped: 1



Mynd 17. Hvort þátttaka stuðli að auknum samskiptum heimilis og skóla


Sérstakar athugasemdir svarenda við þessari spurningu:

- Samskiptin voru góð fyrir.

Þegar þátttakendur í könnuninni eru spurðir hvort þátttaka í verkefninu stuðli að auknum samskiptum heimilis og skóla telja um 60% svo ekki vera. Rúmlega 30% segja það eiga að einhverju leyti við.

Q15 Hefur þátttaka í verkefninu stuðlað að aukinni virkni foreldra í skólastarfinu?

Answered: 15 Skipped: 1



Mynd 18. Hvort þátttaka stuðli að aukinni virkni foreldra í skólastarfinu


Sérstakar athugasemdir svarenda við þessari spurningu:

- Virknin var næg fyrir.

Spurt er hvort þátttakan í verkefninu hafi stuðlað að aukinni virkni foreldra í skólastarfinu. Þá svara 73% að svo sé ekki og enginn svarandi eða 0% segir virknina hafa aukist.

Q16 Hefur þátttaka í verkefninu stuðlað að auknum samskiptum við nærsamfélagið?

Answered: 15 Skipped: 1



Mynd 19. Hvort þátttaka stuðli að auknum samskiptum við nærsamfélagið


Sérstakar athugasemdir svarenda við þessari spurningu:

- Til dæmis kom bæjarstjórinn á kynningu verkefna nemenda og vakti það ánægju meðal þeirra.
- Samfélagið fékk kynningu á verkefninu og féll vel.
- Nemendur þurfa að kynna sér til hlýtar næruhverfið og fara í rannsóknarvinnu sem fól í sér að ræða við aðila í samfélaginu og fara í fyrirtæki í heimabyggð svo eitthvað sé nefnt.

Spurt er um samskipti við nærsamfélagið, hvort þátttakan hafi aukið þau. Það telja um 60% svarenda eiga við meðan 13% svara þeirri spurningu neitandi.

Q17 Hvernig nýttist verkefnisstjóri Landsbyggðarvina við verkefnið?

Answered: 15 Skipped: 1




Mynd 20. Hvernig verkefnisstjórinn nýttist

Spurt er hvernig verkefnisstjóri landsbyggðarvina nýttist við verkefnið. Um er að ræða kvarðaspurningu með fjórum svarmöguleikum við hverja fullyrðingu. Við fullyrðingunni að hann nýttist mjög vel segja 7 af hverjum 15 svarendum að það eigi mjög vel við. Svarendur eru meira jákvæðir en neikvæðir við fullyrðingunum í þessari spurningu.

Q18 Hyggst skólinn taka aftur þátt í verkefninu Heimabyggðin mín?

Answered: 14 Skipped: 2



Mynd 21. Hvort skólinn hyggist taka þátt aftur

Spurt var hvort skólinn vildi taka aftur þátt í verkefninu og skiptust svör jafnt. Sérstakar útskýringar á þessari spurningu:

- Já, að öðrum stórum verkefnum sem nú liggja fyrir unnum.
- Þetta gaf góða raun. Á næsta ári koma nýjir kennarar inn og neendur verða reynslunni ríkari.

- Þó ekki endilega á næsta ári.
- Við teljum að verkefnið snerti allar megin grunnstoðir nýrrar námskrár og það hjálpi til við að nemendur geri sér grein fyrir styrkleikum sínum ásamt því hvernig hægt er að nýta sköpunarkraft og samvinnu til að ná árangri.
- Ætlum að einbeita okkur að eigin verkefni tengdu heimabyggðinni.
- Ekki á næstunni því nú eru aðeinst ungir nemendur í skólanum.
- Veit ekki
- Ákveðið hefur verið að taka þátt í verkefninu annað hvert ár sökum fámennis og stærðar verkefnisins. Verkefnið er nauðsynlegt fyrir lítil byggðarsamfélög þar sem mikilvægi þess að ungvíði samfélagsins sjái tækifæri í heimabyggð og sjái kannski möguleika á að snúa aftur í heimabyggð að loknu háskólanámi.
- Hugsanlega eftir nokkur ár.

Síðasta spurningin var almenns eðlis, hægt var að skrifa eitthvað sem fólk vildi láta koma fram um verkefnið. Eftirfarandi svör bárust við þeirri spurningu:

- Skemmtilegt verkefni og verkefnisstjórnin afar vinsamlegur
- Við getum sannarlega mælt með þessu verkefni við aðra skóla
- Uppbyggileg vinna því verkefnið hlaut athygli og nemendur fengu utanlandsferð í verðlaun

Samantekt og greining


Niðurstöður spurningakönnunar sýna að þátttökuskólarnir dreifast betur um landið heldur en þátttökuskólar í viðtalskönnuninni en í báðum tilfellum eru landsbyggðarskólarnir að minnsta kosti þrjú fjórðu hluti. Skólastjórnarnir hafa almennt jákvætt viðhorf til verkefnisins *Heimabyggðin mín*. Flokka má spurningarnar í þrjú flokka eftir því um hvað er spurt:

1. VIÐHORF NEMENDA AÐ MATI SKÓLASTJÓRNENDA TIL ÞÁTTA SEM TENGJAST MARKMIÐUM VERKEFNISINS EFTIR ÞÁTTTÖKU Í ÞVÍ

NEMENDUR	JÁ	NEI	AÐ EINHVERJU LEYTI
VIÐHORF TIL EIGIN MENNTUNAR	31,3	18,8	50
ÁHUGI NEMENDA Á HEIMABYGGÐ	62,5	6,3	31,3
VIÐHORF TIL STARFSMÖGULEIKA Í HEIMABYGGÐ	25	18,8	56,3
ÞYKIR VIÐHORF OG SKOÐANIR SKIPTA MÁLI	56,3	12,5	31,3
VIÐHORF TIL HEIMABYGGÐAR	53,3	13,3	33,3
SAMTALS	45,68	13,94	40,44

Tafla 4. Viðhorf nemenda að mati skólastjórnenda til þátta sem tengjast markmiðum verkefnisins eftir þátttöku

Svör skólastjórnenda við spurningunni um hvort þeir telja að viðhorf nemenda til starfsmöguleika í heimabyggð breytist eftir þátttöku í verkefninu skera sig úr, aðeins 25% þátttakenda svara þessum þætti játandi. Það er athyglisvert í ljósi þess að eitt aðalmarkmiðið með verkefninu er að hvetja ungt fólk til að hugsa um heimabyggð sína út frá þeim tækifærum sem þar bjóðast og miða að því að gera heimabyggðina að betri stað að búa á og eftirsóknarverðari stað til að flytjast til. Starfsmöguleikar eru því væntanlega ein mikilvægasta breytan í þessu sambandi. Um 40% svaranna í þessum flokki eru hins vegar hvorki afdráttarlaust „já“ né „nei“ heldur svarmöguleikinn „að einhverju leyti“, sem getur einnig bent til þess að þátttakendum finnst ef til vill ekki auðvelt að meta með afgerandi hætti hvert viðhorf nemenda er til einstaka þátta.



Mynd 22. Viðhorf nemenda að mati skólastjórnenda til þátta sem tengjast markmiðum verkefnisins

2. VIÐHORF SKÓLASTJÓRNENDA TIL ÞÁTTA SEM TENGJAST SAMSKIPTUM Í SKÓLASAMFÉLAGINU EFTIR ÞÁTTTÖKU Í VERKEFNINU

SAMSKIPTI VIÐ SKÓLASAMFÉLAGIÐ	JÁ	NEI	AÐ EINHVERJU LEYTI
AUKIN SAMSKIPTI HEIMILIS OG SKÓLA	6,7	60	33,3
AUKIN VIRKNI FORELDRA	0	73,3	26,7
AUKIN SAMSKIPTI VIÐ NÆRSAMFÉLAG	26,7	13,3	60
SAMTALS	11,1	48,9	40

Tafla 5. Viðhorf skólastjórnenda til þátta sem tengjast samskiptum

Svörin í þessum flokki gefa til kynna mun meiri samskipti við nærsamfélag heldur en þau sem snúa að foreldrum/heimilum. Yfir 70% svarenda telur verkefnið ekki auka virkni foreldra í skólastarfinu. Hvað varðar nærsamfélagið er ekki afdráttarlaust svar við spurningunni um hvort samskiptin aukast. 60% segja svo vera „að einhverju leyti“ en um fjórðungur svarar þeirri spurningu játandi. Það fer hugsanlega eftir því hvort nemendur/skólinn fái áheyrn hjá opinberum aðilum með hugmyndir nemenda hvort svarendum finnist samskiptin við nærsamfélagið aukast.

3. ÞÆTTIR ER TENGJAST SKIPULAGI VERKEFNISINS OG ÁRANGRI NEMENDA

- ✓ Algengast er að einstakir árgangar taki þátt, 60%. Verkefnið er ætlað fyrir breiðan aldurshóp, 12 - 30 ára og því er athyglisvert að einstakir árgangar taki þátt en ekki til að mynda allt unglíngastigið. Það gæti tengst því að um þemaverkefni er að ræða hjá flestum skólunum og því töluverð aukavinna fyrir utan hefðbundna stundartöflu.
- ✓ Algengast er að verkefnið sé unnið sem sérstakt þemaverkefni. 35% svarenda segja það samþætt öðrum námsgreinum. Verkefnisstjórnin leggur ekki upp með að flétta verkefnið inn í aðrar námsgreinar en í grunnskólum er unnið eftir þéttum tímaramma, innanhúss stefnumótun og aðalnámskrá því væri ef til vill heppilegra að flétta verkefni sem þetta inn í aðrar námsgreinar ásamt því að nýta efnivið í þær námsgreinar sem eru til staðar.
- ✓ Í flestum tilfellum er gefin umsögn fyrir þátttöku í verkefninu, 78,6%. Hægt er að meta ýmsa þætti í verkefni sem þessu. Umsögn getur verið hvati og væntanlega kemur slíkt við nemendur með misjöfnum hætti.
- ✓ Kennsluhættir geta breyst við þátttöku í verkefninu. Verkefnið kallar á meiri frumkvæðisvinnu af hálfu nemenda og minni mótun á námsefninu, það er til eftirbreytni.

- ✓ Niðurstöður sýna ýmsar skoðanir og enga afgerandi á því hvort nemendur öðlist meiri færni til vinnu á öðrum sviðum.
- ✓ Ekki er hægt að fullyrða um að þátttaka leiði til betri námsárangurs og viðhorf svarenda til þess er frekar neikvætt en jákvætt. Þátttakan leiðir ekki til betri námsárangurs í grunnskóla að mati 53,3%. Um 40% svarenda segja „að einhverju leyti“ við þessari spurningu.
- ✓ Svarendur eru frekar jákvæðir en neikvæðir gagnvart því hvort skólabragur verði jákvæðari eftir þátttöku í verkefninu.
- ✓ Almennt er jákvætt viðhorf til þess hvernig verkefnissjóri *Landsbyggðarvína* nýtist.

Skólasamfélag þáttökuskólanna

Í þessum kafla koma fram niðurstöður frá þáttökuskólunum í viðtalsrannsókninni. Fjallað er um hvern skóla fyrir sig í sér undirkafla. Tekið skal fram að það sem fram kemur í undirköflunum er aðeins byggt á viðtölunum og annarri gagnaöflun og engu bætt þar við. Niðurstöðurnar endurspeglar þau þemu sem fram komu í hverjum skóla fyrir sig. Í lok kaflans er gerð samantekt og greining á niðurstöðum, þar notar höfundur eigin orð í bland við það sem viðmælendur segja. Beinar tilvitnanir styðja við annan texta.

Auðarskóli

Auðarskóli er samrekinn leik- og grunnskóli í sveitarfélaginu Dalabyggð. Rúmlega 90 nemendur stunda nám við skólann. Auðarskóli er í dreifbýli en íbúafjöldi í Dalabyggð er tæplega 700. Nemendur Auðarskóla koma margir hverjir um langan veg í skólann. Einkunnarorð Auðarskóla eru ábyrgð, ánægja og árangur. Á heimasíðu skólans er ekki að finna upplýsingar um verkefnið *Heimabyggðin mín*.

Auðarskóli hóf þátttöku í verkefninu *Heimabyggðin mín* eftir að leik- og grunnskólar staðarins voru sameinaðir árið 2009. Verkefnisstjóri hafði samband við skólustjóra og skólanum var boðin þátttaka. Verkefnið þótti heppilegt í nýsköpunaráfanga sem stóð til að kenna elstu árgöngunum. Verkefnið var því sett í stundatöflur tveggja elstu árganganna og fellt þannig í nýsköpunaráfangann sem var tvær klukkustundir á viku. Um fjórtán nemendur tóku þátt í verkefninu. Í kennslugreininni voru fleiri verkefni en verkefnið *Heimabyggðin mín* var þar frekar fyrirferðarmikið en faglegt að mati skólasamfélags Auðarskóla.

Skólinn tók þátt í verkefninu í 3- 4 ár frá 2009 - 2013. Samkvæmt reglum geta skólar tekið þátt í verkefninu í tvö ár, það kom því á óvart þegar haft var samband við skólann og honum boðin þátttaka þriðja árið. Skólinn kláraði aldrei síðari hluta verkefnisins, þ.e. hópverkefnið og því kom boðið um áframhaldandi þátttöku enn meira á óvart. Hópverkefnið þótti of óljóst til þess að hægt væri framkvæma það. Skólinn hætti þátttöku þegar fjaraði undan verkefninu, þá voru tímarnir tveir færðir undir almennt val í stundatöflu nemenda. Það hentaði ekki Auðarskóla að flétta verkefnið í aðrar námsgreinar þó svo það geti jafnvel verið heppilegt.

Í Auðarskóla voru kennarar áhugasamir um verkefnið og ákveðin driffjöður þar á meðal. Kennararnir kveiktu áhuga nemenda í aðeins takmarkaðan tíma vegna eðlis verkefnisins og þátttakan fólst í fyrri hluta verkefnisins sem er ritgerðarvinna. Gefin var einkunn fyrir vinnuna og því voru góð skil. Kennarar höfðu á tilfinningunni að nemendur sáu í verkefninu tækifæri til þess að koma skoðunum sínum og hugmyndum á framfæri. Nemendur voru uppteknir af sínum eigin veruleika og nærumhverfi og það birtist í ritgerðarvinnunni. Verkefnið var fyrir þeim uppbrot á almennri kennslu og jákvætt að því leyti. Verkefnið hvetur ungt fólk til að hugsa í lausnum og opna augun fyrir nærsamfélaginu.

Nemendur Auðarskóla fengu tvisvar sinnum verðlaun fyrir ritgerðarvinnu sem verkefnisstjóri hafði fengið dómnefnd til að meta. Dómnefndin heimsótti aldrei Auðarskóla. Verðlaunahátíðin fór fram í Reykjavík og kom skólasamfélagi Auðarskóla nokkuð á óvart, sérstaklega hvað varðar umgjörðina. Á verðlaunahátíðinni var þekkt fólk úr þjóðlífinu og það kom á óvart miðað við umfang verkefnisins hve vegleg athöfnin var en þar virtist ekkert til sparað og þannig ásýnd að um væri að ræða samtök sem hefðu umtalsvert fjármagn og sterka bakhjarla. Verðlaunahátíðin var ákveðin hvatning fyrir nemendur Auðarskóla annan þáttökuveturinn og bar á metnaði meðal nemenda sem vildu gjarnan

fá verðlaun. Engir nemendur frá skólanum aðrir en þeir sem unnu til verðlauna voru þó viðstaddir verðlaunahátíðina. Foreldrar, skólastjóri, nemendur sem fengu verðlaun og kennarar sóttu viðburðinn frá Auðarskóla.

Sveitarstjórn Dalabyggðar fékk vitneskju um verkefnið eftir að nemendur Auðarskóla unnu til verðlauna. Á tímabili var sveitarstjóri í sveitarfélaginu sem var áhugasamur um verkefnið vegna þess að það sneri að nýsköpun. Sveitarstjórinn fór með suður til Reykjavíkur á verðlaunaafhendingu í annað skiptið og var mikið gert úr þeim þætti verkefnisins. Tillögur nemenda hafa ekki verið teknar til formlegrar umfjöllunar hjá sveitarstjórn. Nemendur komu með hugmyndir sem fullorðnum hefði aldrei látið sér detta í hug. Hugmyndirnar voru litaðar af þeirra eigin veruleika, stöðu þeirra og heimahögum. Kennarar telja þó nemendur fljóta að missa áhugann þegar þeir sjá að ekkert verður að hugmyndunum, dæmi eru þó um að foreldrar hafi gripið boltann, til að mynda til að efla ferðapjónustu og fleira.

Foreldrasamfélagið og samfélagið í Dalabyggð hafði ekki vitneskju um verkefnið nema vegna þess að nemendur unnu til verðlauna og sagt var frá því á netmiðlum staðarins. Verkefnið hefur ekki áhrif á náms- og starfsval nemenda né val á búsetu. Verkefnið sem slíkt hefur heldur engin áhrif á gengi nemenda í framhaldsskólum. Ef verkefni sem þetta á að vera tæki til að halda ungu fólki í heimabyggð er það ekki sérlega jákvætt að mati skólasamfélags Auðarskóla, það er mikilvægt að nemendur þaðan nýti þvert á móti öll þau tækifæri sem bjóðast til jafns við aðra nemendur á landinu. Það hefði mátt efla almenna vitund og áhuga fyrir verkefninu með því að kynna það betur, vanda betur þá kynningu sem nemendur fá í upphafi og hafa umfangið stærra og í samræmi við verðlaunahátíðina. Verkefnið þykir henta elstu árgöngunum en slíkt verkefni væri einnig hentugt fyrir miðstig þar sem nemendur hafa ómótaðri skoðanir og eru ekki jafn áhrifagjarnir.

Grunnskólinn í Þorlákshöfn

Grunnskólinn í Þorlákshöfn í sveitarfélaginu Ölfusi er einnig í dreifbýli. Íbúafjöldi í sveitarfélaginu er um 1930 en hluti barna sækir skóla í Hveragerði. Nemendafjöldi Grunnskólans í Þorlákshöfn er um 250 og koma nemendur að mestu frá Þorlákshöfn. Einkunnarorð skólans eru vinátta, virðing og velgengi. Á heimasíðu skólans er meðal annars að finna hlekk á forsíðunni á heimasíðu *Landsbyggðarvina í Reykjavík og nágrenni*. Aðrar upplýsingar um verkefnið er ekki að finna á heimasíðunni.

Grunnskólinn í Þorlákshöfn tók þrisvar sinnum þátt í verkefninu *Heimabyggðin mín*, skólaárin 2008 – 2009, 2009 – 2010 og skólaárið 2011 – 2012 þegar einungis fyrri hluti verkefnisins var tekinn fyrir. Þátttakan kom þannig til að skólastjórinn lýsti yfir áhuga í kjölfarið á því að skólanum barst bréf með boði um þátttöku. Verkefnisstjórinn kom í heimsókn í kjölfarið og Grunnskólinn í Þorlákshöfn var einn 5-6 skóla á landinu sem tóku þátt í það skiptið. Verkefnið var lagt fyrir í áttunda bekk og lagt fyrir bæði fyrir og eftir áramót í fyrstu tvö skiptin en einungis eftir áramót síðast. Verkefnið þótti henta vel inn í grenndarverkefni sem stóð til að vinna í skólanum. Það heillaði kennara og stjórnendur að nemendur fengu tækifæri til að koma með hugmyndir sem tengdust þeirra nærumhverfi. Verkefnið var því fléttað inn í kennslu í samfélagsfræði með áherslu á grenndarnám. Verkefnið var fléttað inn í fleiri greinar en að mestu kennt í samfélagsfræði, það var undir kennurunum komið og varð samfélagsfræðin ofan á í fyrstu tvö skiptin. Síðast þegar verkefnið var lagt fyrir gafst stuttur tími til að vinna það og urðu lífsleikni- og íslenskutímar fyrir valinu.

Í Grunnskólanum í Þorlákshöfn var ákveðið að leggja verkefnið fyrir nemendur í áttunda bekk og að einhverju leyti níunda bekk. Skólinn fékk frjálssar hendur hvað það varðar og þótti verkefnið henta þessum árgöngum. Um þrjátíu börn tóku þátt í hvert skipti eða tveir bekkir. Ekki var gefin einkunn fyrir verkefnið en lagt var upp með að allir skilðu inn ritgerð. Vegna tímapressu var þó í síðasta

skiptið sem skólinn tók þátt ekki þrýst á þá nemendur sem ekki skiluðu. Kennarar telja hugmyndina mjög góða ekki síst vegna þess að nemendur þekkja til sambærilegrar vinnu í grenndarnáminu sem hefur farið fram í öllum árgöngum skólans um árabil.

Nemendur Þorlákshafnar voru áhugasamir um verkefnið og fljótir að koma með hugmyndir, jafnvel í síðasta skiptið þó svo að tíminn hafi verið skammur. Hugmyndirnar lituðust af því sem stóð nemendum næst, þeir unnu út frá sínum eigin veruleika, áhugamálum og stöðu sinni í samfélaginu. Í þau skipti sem báðir hlutar verkefnisins voru unnir voru veggspjöld með hugmyndum nemenda send til bæjarstjórnar og formlega tekin fyrir. Það var gert að frumkvæði bæjarstjóra sem boðið var á uppskeruhátíð í skólanum þar sem hugmyndirnar voru meðal annars til sýnis. Hugmyndir nemenda hafa ekki orðið að veruleika.

Verkefnið eitt og sér hefur ekki áhrif á viðhorf nemenda til heimabyggðar eða framtíðarval þeirra um búsetu meðal annars vegna þess að það er unnið í stuttan afmarkaðan tíma. Verkefnið gerir nemendur heldur ekki að virkari lýðræðisþegnum vegna þess að ekki er gert meira við hugmyndirnar. Samstarf heimilis og skóla er ekki verulegt né meira við vinnu á þessu verkefni heldur en öðrum. Þáttur foreldra er enginn nema sá að þeir fá bréf þar sem þeir eru upplýstir um þátttökuna og foreldrar þeirra barna sem unnu til verðlauna hafa sótt með þeim verðlaunaafhendingu til Reykjavíkur.

Nemendur fengu vitneskju um að veitt væru verðlaun fyrir bestu úrlausnirnar á kynningunni sem fram fór í skólanum. Verðlaun í verkefni sem þessu hafa samt ekki gildi frekar en viðurkenningar fyrir aðrar námsgreinar, þ.e. það fer eftir einstaklingum og kann að vera gulrót fyrir einhverja en aðra ekki. Vel var staðið að þeim verðlaunahátíðum sem nemendur frá Þorlákshöfn sóttu en nemendur skólans unnu til verðlauna fyrstu tvö skiptin sem skólinn tók þátt. Viðburðinn sóttu þeir ásamt foreldrum sínum, skólastjóra og viðkomandi kennurum. Hins vegar kom umfang verðlaunahátíðarinnar á óvart, ásjónan var slík að það mætti halda að um væri að ræða verkefni sem unnið var að mánuðum saman og það þótti meðal annars sumum neikvætt fyrir verkefnið.

Í Grunnskólanum í Þorlákshöfn var ákveðið að taka ekki fyrir seinni hluta verkefnisins síðast þegar skólinn tók þátt. Tíminn þótti ekki henta meðal annars vegna þess að skólinn átti afmæli og ýmislegt stóð til í tengslum við það. Í skólanum var heldur ekki nægileg almenn jákvæðni gagnvart verkefninu sem tengdist meðal annars verkefnisstjórninni. Vanda þarf betur innlögnina og utanumhaldið þarf að vera markvissara. Nemendur voru ráðvilltir eftir kynninguna og það fór betur á því að kennarar sjálfir sæju um þann hluta. Það kom á óvart í skólanum hve hart var gengið að stjórnendum og kennurum að taka síðari hlutann þrátt fyrir þá ákvörðun að gera það ekki. Þrýstingurinn var jafnvel óvenju mikill og bar ekki vott um fagmennsku. Verkefni sem þessu þarf að gefa ákveðinn tíma í undirbúning og innlögn, nemendur þurfa að geta sökkt sér betur ofan í það og aðstæður þurfa að vera góðar.

Víðistaðaskóli

Víðistaðaskóli er einn af sjö grunnskólum í Hafnarfirði, starfræktur á tveimur starfsstöðvum, við Víðistaðatún og starfsstöð í Engidal (gamli Engidalsskóli). Íbúafjöldi í Hafnarfirði er um 26500 og í Víðistaðaskóla er um 560 nemendur. Einkunnarorð skólans eru ábyrgð, virðing og vinátta. Á heimasíðu skólans er að finna myndasafn með myndum af afrakstri síðari hluta verkefnisins, líkönum sem nemendur hafa gert til að útfæra hugmyndir í völdum ritgerðum. Á heimasíðunni er einnig að finna frétt með umfjöllun um verkefnið og verðlaunaafhendingu sem fór fram í sjálfum skólanum.

Víðistaðaskóli tekur nú þátt í verkefninu *Heimabyggðin mín* í þriðja skiptið. Skólinn tók fyrst þátt skólaárið 2007 – 2008 þegar boð barst um þátttöku. Verkefnið var lagt fyrir þáverandi 8. bekk, alls um nítíu börn. Það var fléttað inn í lífleiknikennslu og að einhverju leyti í íslenskutíma, það fór eftir

kennurum. Nú er verkefnið kennt í samfélagsfræði en sem viðbót við þá kennslu sem þar fer fram frekar en að vera fléttað inn.

Stjórnendur hafa áhrif á það hvaða utanaðkomandi verkefni eru tekin inn í Víðistaðaskóla og þá í samráði við þá kennara sem vinna að verkefnunum. Nauðsynlegt er að eldmóður og áhugi sé til staðar innan kennarahópsins. Verkefni utan frá eru góð viðbót við skólastarfið og það er jákvætt að geta tekið inn eitthvað þar sem er stuðningur í ákveðinn tíma. Það tekur tíma að byggja upp jákvætt viðhorf gagnvart verkefnum sem þessum en kennarar sjá í þessu tilfelli ákveðin tækifæri fólgin í því meðal annars til þess að flétta saman ólíkar greinar. Verkefnið er að því leyti mjög gott og getur til að mynda komið inn á alla fimm grunnþætti nýrrar aðalnámskrár. Þá brýtur verkefnið upp hefðbundið skólastarf og hægt er að taka það inn sem samstarfsverkefni eða þróunarverkefni eftir því sem við á. Verkefnið er hægt að vinna án þess að til komi utanaðkomandi verkefnisstjórn en dómnefndin gefur verkefninu hinsvegar visst gildi og án þess að það komi utan frá er engin víska um að verkefni sem þetta verði yfir höfuð unnið. Í því felast einnig helstu gallar verkefnisins, þ.e. ekki er hægt að aðskilja það áhuga og eldmóði kennara. Jafnframt er nauðsynlegt að vanda utanumhaldið og verkefnisstjórnina. Vanda þarf betur kynningu á verkefninu og fagmennskuna í utanumhaldinu. Markmið þurfa að vera ljós sem og ferill verkefnisins.

Ýmsum nemendum Víðistaðaskóla fannst verkefnið ekki hljóma spennandi til að byrja með. Áhuginn vaknaði hins vegar þegar vinnan var farin af stað og þá þótti nokkuð spennandi að geta komið sínum eigin hugmyndum á blað. Nemendur völdu sér viðfangsefni út frá sínum raunveruleika, áhugamálum og stöðu. Nemendur komu jafnvel með hugmyndir að verkefnum sem þeir höfðu haft í kollinum um langt skeið án þess að koma frá sér. Það var misjafnt hvort nemendum þótti mikilvægt að hugmyndirnar yrðu að veruleika og sumir höfðu neikvætt viðhorf gagnvart því hvernig síðari hlutinn var unninn. Meðal annars vegna þess að þá væru sjálfar hugmyndirnar ekki lengur til umræðu heldur hversu vel líkanið hafði tekist eða hversu góður ræðumaður viðkomandi nemandi var þegar til stóð að kynna verkefnið. Það er ekki sjálfgefið að nemendur vilji standa upp og taka á móti viðurkenningum eða halda kynningar. Slíkt getur verið viðkvæmt og það þarf að vera vel undirbúið og gert í samstarfi við hvern nemanda. Nemendum finnst hins vegar að það mætti vera meira um verkefni sem þessi og jafnvel í samvinnu við aðra skóla. Þeim finnst þetta vera gott dæmi um verkefni þar sem ekki er um hina eiginlegu mötun að ræða, heldur gert ráð fyrir virkni nemenda sjálfra, frumkvæði og þátttöku frá fyrstu stund.

Kennarar Víðistaðaskóla hafa almennt jákvætt viðhorf til verkefnisins, sérstaklega vegna þess að það veitir tækifæri til sköpunar, það er opið, þ.e. hægt að flétta á margan hátt saman við almenna kennslu og vinna þverfaglega. Á sama tíma telja þeir að einungis sé hægt að vinna verkefnið í takmarkaðan tíma með nemendum, fólk þreytist auðveldlega á verkefnum sem þessum og þau verða alltaf einhvers konar viðbót, eitthvað „auka“ sem bætist á hefðbundna kennslu. Verkefnið telja þeir henta bæði slökum og sterkum nemendum og ekki er gert fyrirfram ráð fyrir sérstökum hæfileikum meðal nemenda, myndræn hugsun getur nýst jafnvel og bókleg hugsun. Kennarar hefðu jafnvel getað hugsað sér að auka hlut slíkra verkefna í kennslunni. Á sama tíma er það undir þeim komið hversu umfangsmikið verkefnið verður og hversu mikið gert úr því. Í einhverjum tilfellum skrifuðu nemendur bréf til bæjarstjóra og boðuðu hann á fund. Hægt er að hvetja til þess háttar dýpkunar á verkefninu og aðstoða nemendur ef áhugi er fyrir því en einnig er hægt er að láta staðar numið við skil á verkefninu.

Foreldrar nemenda í Víðistaðaskóla sem tóku þátt í verkefninu *Heimabyggðin mín* voru misjafnlega meðvitaðir um hvaðan verkefnið kom. Verkefnið var svolítið óljóst í upphafi en skýrðist betur þegar á leið og umfang þess óx á sama tíma. Verkefnið var að einhverju leyti unnið heima en stuðningurinn frá kennara var samt tvímælalaust mikilvægastur. Foreldrum finnst jákvætt þegar umræða skapast

heima og slíkt gerist oft þegar verkefnin hafa snertingu við þjóðfélagsmál. Nauðsynlegt er samt að leggja upp með skýran ramma því breytingar geta haft truflandi áhrif. Heildarramma verkefnisins í þessu tilfalli kom á óvart þegar uppi var staðið, meðal annars vegna þess hve mikið þurfti að kynna það í kjölfarið og nemendur voru ekki alltaf tilbúnir í slíkt. Stolt þeirra var þó mikið og það er einróma álit að mesta viðurkenningin kom frá skólanum sjálfum.

Almennt er því ekki haldið fram að verkefni sem þetta geti eitt og sér haft áhrif á ákvörðun um búsetu, námsval, starfsval né komið í veg fyrir brottfall úr framhaldsskólum. Verkefnið dýpkar hins vegar þekkingu nemenda á heimabyggð, þeir skoða nærsamfélagið með öðrum augum og velta því upp hvernig hægt er að bæta það. Á sama tíma er skólinn ekki lengur einangrað samfélag heldur opnast dyr út í samfélagið fyrir utan.

Reykhólaskóli

Reykhólaskóli í Reykhólahreppi er samrekin leik- og grunnskóli á sunnanverðum Vestfjörðum. Reykhólaskóli er dreifbýlisskóli með um 40 nemendum. Íbúafjöldi í hreppnum er um 280. Einkunnarorð skólans eru vilji er vegur. Engar upplýsingar er að finna um verkefnið *Heimabyggðin mín* á heimasíðu Reykhólaskóla.

Verkefnissjóri hefur hringt á hverju ári og boðið skólanum þátttöku, skólinn tók þátt fyrir einhverju síðan og í þetta skiptið ákvað skólastjórinn að slá til því það þótti áhugavert. Skólinn tók síðast þátt skólaárið 2011 - 2012. Væntingarnar voru að nemendur myndu hugsa svolítið um heimbyggðina sína og þau tækifæri sem þar eru. Verkefnið var lagt fyrir nemendur í 7.-10. bekk skólans, átta talsins. Fimm nemendur tóku þátt en þátttaka í verkefninu var ekki skylda.

Þáverandi skólastjóri kenndi íslensku og feldi verkefnið inn í íslenskutíma. Nemendur fengu einn tíma á viku í verkefnið. Ferðamálafulltrúi staðsins var fenginn til að vera nemendum innan handar með verkefnið því hann var áhugasamur um það.

Þáverandi skólastjóra þótti jákvætt hvað nemendur komu með margar góðar hugmyndir um verkefnið. Hugmyndirnar kynntu þeir í kjölfarið á íbúafundi staðarins þar sem sveitarstjórn mætti. Sveitarstjórn fékk þá í hendur skjal með hugmyndum nemenda og tók vel í þetta framtak þeirra sem og aðrir sveitungar. Sumar hugmyndirnar hafa verið ræddar mikið þannig það er enn von að þetta skili einhverju til samfélagsins. Íbúafundurinn var mjög vel sóttur af sveitungum sveitarinnar.

Viðhorf nemenda var almennt séð jákvætt til verkefnisins en það var gríðarlega mikil vinna og nemendur nemtu stundum ekki að setja þetta „extra“ í það. Þeir þurftu að halda íbúafund, kynna fyrir sveitarstjórninni og eðlilega tók samvinnan á en engu að síður var ferlið lærdómsríkt og hollt.

Vegna umfangs vinnunnar voru nemendur ekki tilbúnir strax árið eftir í annað svona verkefni. Enda fer ekki vel á því. Betra er að taka þátt að einhverjum árum liðnum þannig að nýjir nemendur fái að spreyta sig. Því er öðruvísi háttað í fámennum skóla. Vinnan er holl fyrir nemendur en hún er mikil og því ekki endilega eitthvað sem hentar að gera árlega.

Það var sérstaklega gaman í Reykhólaskóla að sjónvarpsfólk með sjónvarpsþáttinn Landann kom og hafði samband við tvo nemendur sem tóku þátt í verkefninu og höfðu lent í fyrsta sæti með fyrri hlutann. Það var mjög skemmtileg upplifun fyrir nemendur að fá að vera með í sjónvarpsþætti í kjölfar vinnunnar.

Samantekt og greining

Verkefnið *Heimabyggðin mín* er ekki áberandi þáttur í skólastarfinu almennt ef marka má heimasíður þátttökuskólanna. Þar er ekki minnst á verkefnið nema í litlum mæli. Mest er það áberandi þar sem

sjónum er beint að afurðum nemenda frekar en tilgangi verkefnisins og þar sem það er sérstaklega kynnt sveitarstjórnnum.

Frumkvæði að þátttöku í verkefninu kemur í öllum tilfellum frá verkefnisstjóra. Það er ákvörðun skólastjóranna að taka þátt í kjölfar þess að verkefnisstjórinn hefur samband. Í einhverjum tilvikum hafði verkefnisstjórinn samband í nokkur skipti áður en viðkomandi skóli þáði boðið.

Verkefnið er vel hægt að flétta inn í skólastarf og námsgreinar með ýmsum hætti. Hjá þátttökuskólunum er áberandi að bæði var reynt að flétta það inn í einstakar námsgreinar sem og að kenna það sem valgrein eða aukaverkefni. Verkefnið var þá fléttað saman við þemaverkefni eða annað sem áhersla var lögð á í skólastarfinu. Verkefnið var mest fléttað í námsgreinarnar lífsleikni og íslensku. Það kann hins vegar að takmarkast við kennslugreinar umsjónarkennara í hvaða kennslugreinar verkefnið fléttast. Verkefninu fylgir ekkert eiginlegt námsefni, svigrúm kennara er mikið og engin bein fyrirmæli um hvernig það skuli lagt inn fyrir nemendahópinn. Kennarar og skólastjórnendur eru almennt jákvæðir fyrir því að taka inn verkefni sem þetta. Ákvörðunin er í höndum skólastjórnenda en það skiptir máli að kennarar séu áhugasamir. Kennarar töldu þetta tiltekna verkefni gott þó svo að ýmsir gallar væru á því, meðal annars sem snúa að utanumhaldi:

Hefur alltaf verið svolítið laust í reypunum.

Breytingar á verkefninu geta ekki truflað skólana. Þær snúa að utanumhaldi og markaðssetningu.

Dómnefndin kemur aldrei á staðinn. Það er svo margt sem er ekki eins og reglurnar gera ráð fyrir.

Engin önnur samskipti, við fengum að vita hverjir sætu í dómnefnd. En maður heyrði ekkert frá þeim. Mér fannst dómnefndin samt vinna mjög vel. Hún rökstuddi mjög vel.

Verkefnið sem þetta getur orðið að einhvers konar „aukavinnu“ í annars þéttskipaða stundartöflu. Sérstaklega þar sem það er ekki fléttað í aðrar námsgreinar. Í einhverjum tilfellum spilar tímapressa þar inn. Hún verður of mikil til þess að hægt sé að vinna verkefnið eins og fólk helst vildi og það verður ofan á að taka það inn sem aukaverkefni:

Þetta er viðbót. Þetta er ekki hluti af samfélagsfræðinni. Tekur einn tíma og keyrir inn í hitt.

Verkefnið nær ekki að skila af sér [...] veit ekki hvernig við hefðum átt að finna tíma.

Það komu ágætis hugmyndir. En við höfðum lítinn tíma. Um hálfan mánuð

Það þarf að gefa þessu ákveðinn tíma og vera búid að ákveða fyrirfram. Við erum knöpp af tíma.

Það má hafa skýrari ramma og meiri tíma. Þetta þarf að vera metið sem eitthvað.

En þetta er ofsalega skemmtilegt verkefni. Það þarf að leggja þetta vel í hendurnar á þeim og gefa þeim góðan tíma.

Kynningin á verkefninu er ekki nægilega vönduð og markviss. Nemendur voru í einhverjum tilfellum ráðvilltir eftir kynninguna og skildu ekki skilaboðin. Kennarar þurftu þá að sjá sjálfir um kynningu og útskýra tilganginn og framkvæmd fyrir nemendum. Kynningin kann einnig að vera of seint, þ.e. nokkuð er liðið á önnina þegar nemendur fá kynningu og þá nær ekki verkefnið þeirri dýpt sem að öðru leyti væri hægt að ná:

Það þarf að skýra svona út fyrir börn á skilmerkilegan máta. Það er ósannjarnt að henda verkefni inn áður en þankahríð fer í gang. Hér er komin kona, fyrirlestur og svo bara hvað eigum við að gera.

Það var ekki hægt að fá neitt út úr kynningunni um hvað málið snérist.

Krakkarnir skyldu ekki upp né niður í því sem þau áttu að gera.

Fór svo öfugt af stað. Það skiptir öllu máli. Ég er viss um að ef það hefði gengið betur fyrir sig hefði það verið allt önnur vinna, þau urðu svo neikvæð og ráðvillt.

Fyrst þegar við heyrðum þetta var það ekki spennandi. Þetta var svona fyrirlestur sem maður svaf yfir.

Flókin framsetning. Mætti einfalda þínu fyrir krakkana.

Fyrir nemendum er verkefnið uppbrot á hefðbundinni kennslu. Sérstaklega sjá nemendur jákvætt það svigrúm sem þeir fá til að vera skapandi í hugsun. Verkefnið hvetur til frumkvæðisvinnu og eflir sköpunargleði upp að vissu marki. Hugmyndir nemenda takmarkast við upplifun þeirra, reynslu, stöðu í samfélaginu sem þeir búa í og áhugamál, þ.e. hugmyndirnar eiga sér frekar rætur í þeirra reynsluheimi og unnið út frá honum heldur en út frá heildarhagsmunum heimabyggðar. Það fer þó eftir því hvernig verkefnið fléttast inn í kennslugreinar og hagsmunir nemenda og hagsmunir heimabyggðar eiga sjálfsgagt oft samleið. Verkefnið hentar bæði sterkum og slökum nemendum og það fer einnig eftir hæfni og getu nemenda hverja þeir telja styrkleika og veikleika verkefnisins. Sumum finnst verkefnið missa marks þegar það á að velja hugmyndir til að vinna áfram, kynna þær o.s.frv. meðan öðrum finnst það kostur. Verkefnið tók einnig breytingum þegar á leið og það hugnast ekki nemendum. Það fer betur á því að þeir viti strax í upphafi hvert markmiðið er, hver endurgjöfin er og hver eftirfylgnin er. Nemendur söknuðu þess að vita ekkert um aðra skóla sem vinna að verkefninu, hverjir eru keppinautarnir, ef þetta er keppni:

Hún er skírð og fermd þarna, þetta er okkar staður. Hún vildi gera eitthvað á okkar stað.

Bara sko við fórum að skrifa hvað er gott og hvað þarf að bæta. Þæla meira í hlutunum. Ég fór að hugsa um tómstundir.

Það sem ég var búin að ákveða var einhvern veginn tengt þessu verkefni.

Ég skrifaði um að þrifa og taka upp rusl, ég geri það á hverjum degi.

Mín hugmynd var sumarvinnan því að sumarvinnan hefur verið svo slök og flestir gefast upp á henni.

Það ætti að vera stærra, fleiri sambönd við aðra skóla um þetta.

Verðlaunin eru sumum nemendum hvatning og öðrum ekki, það sama og má segja um almenna einkunnagiöf. Verkefnið er hvati fyrir þá nemendur sem hafa gaman að því að fá verðlaun. Umfang verðlaunahátíðar kom á óvart, nemendum finnst gaman að vera gert hátt undir höfði en finnst verkefnið sjálft ekki vera í samræmi við viðburðinn sjálfan. Mesta viðurkenningin kom í öllum tilfellum frá skóla nemendanna og nemendum þykir vænst um þá viðurkenningu. Í skólanum er þeirra „lið“ og þar vilja þeir njóta sín. Verðlaunaafhendingin er umdeild meðal foreldra. Sumir vilja meina að þetta sé nemendum upphefð meðan viðburðurinn kom öðrum foreldrum á óvart og þeim var í einhverjum tilfellum misboðið vegna umfangsins. Þeim fannst ekki fullt samræmi milli umfangs verkefnisins og viðburðarins í kringum það og viðburðurinn var allt að því óþægilegur eða í það minnsta „hlægilegur“. Kennarar höfðu einnig misjafnar skoðanir á viðburðinum. Helst fannst þeim umfangið of mikið og kom það þeim á óvart. Einnig fannst þeim vanta hvatningu frá samnemendum:

Ég upplifi verðlaunin bara þannig að já þetta eru öflug samtök sem eru á bakvið með fullt af vinum og fullt af peningum. Verkefnið birtist ekki þannig að það séu öflug samtök á bakvið þetta.

Það þýðir ekki að hafa Skólahreysti án áhorfenda, hálfótur salur og fleiri sem sitja við háborð en í stúku. Það vantar meiri auglýsingu. Samkoman... auglýsingamennskan er engin. Markaðssetningin út á við er engin.

Það var bæjarstjórinn og... Þetta var yfirborðslegt. Dóttur minni leið svo illa þarna..... Það voru þrír í hvorum flokki. Hún var stolt af því en þetta var yfirþyrmandi athöfn.

Verðlaunaafhending. Mjög sérstakt og hátíðleg stund. En þetta var lítill hópur.

Sveitarstjórn var misáhugasöm um verkefnið. Í flestum tilfellum hafa hugmyndirnar ekki fengið formlega umfjöllun. Það fór eftir skólunum hve mikla kynningu sveitarstjórnin fékk og þar af leiðandi fer það einnig eftir kynningu af hendi skólanna hvað kann að verða um verkefnið sem unnin eru, afurðirnar. Kennarar minntust hvorki á námsefni né sérstaka áherslu í verkefninu á það hvernig hugmynd verður að veruleika, feril hugmynda í bæjarkerfinu o.s.frv.. Gera má ráð fyrir því að það fer eftir því hvernig verkefnið er fléttað við aðrar námsgreinar hvaða þekkingu nemendur fá sem gagnast þeim en það er ljóst að hún getur verið af ýmsum toga. Nemendur virtust heldur ekki hafa fengið kennslu/upplýsingar um stjórnkerfið í viðkomandi sveitarfélagi. Verkefnið takmarkast því einnig við hvatningu, eldmóð og ýtni skólans til að vekja áhuga sveitarstjórnar á verkefninu. Verkefnið nær því heldur ekki nægilegri dýpt og eftirfylgnin er ekki næg til þess að hægt sé að fullyrða um að verið sé að efla lýðræðisvitund nemenda. Hugsanlega hafa þeir í samskiptum við sveitarstjórn lært hvernig hægt sé að fá hlustun en þeir upplifa ekki beint að þeir sjálfir hafi áhrif og kerfið fyrir þeim er þunglamalegt:

Börnin sáu að það varð ekkert úr þeim 10-15 hugmyndum hjá sveitarfélögum þá eru þau ógurlega fljót að missa áhugann.

Krakkarnir koma fram með hugmyndir sem við mundum aldrei finna.

Þessi plaköt fóru öll til bæjarstjórnar og voru tekin formlega fyrir á fundi hjá bæjarstjórn. Það var fjallað um þetta, hugmyndir krakkanna og þau vissu af því.

Skólinn getur auðvitað haft heilmikil áhrif og margt sniðugt getur nýst heimabyggðinni. En skólinn getur líka bara gert það sjálfur.

Verkefnið sem slíkt hefur ekki áhrif á náms- og starfsval nemenda né námsárangur almennt. Verkefnið nær ekki nægilegri dýpt til þess, nemendur sem höfðu ákveðin framtíðaráform áður en verkefnið hófst hafa sömu áform eftir verkefnið. Aðrir eru óákveðnir og eru það áfram eftir verkefnavinnuna. Nemendur virtust meðvitaðir um þau námstækifæri og atvinnutækifæri sem bjóðast í heimabyggðinni og hugmyndir þeirra voru sambland af atvinnuskapandi verkefnum og afþreyingu en það fór einnig eftir því með hvaða hætti verkefnið var fléttað í námsgreinar eða hvaða þemavinna var í gangi.

Verkefnið hefur ekki áhrif á val um búsetu í framtíðinni. Nemendum er í öllum tilfellum hlýtt til heimabyggðar sinnar og sjá út frá sínum eigin hverdegi ýmislegt sem má betur fara. Út frá því mótast tillögur þeirra. Nemendur hafa hins vegar einnig væntingar og vonir, metnað fyrir sjálfa sig óháð búsetu, tækifærin kunna að vera í heimabyggðinni og út frá því er unnið í verkefninu en tækifærin kunna einnig að vera annars staðar á landinu eða erlendis. Verkefnið getur því hvatt til aukinnar meðvitundar um heimabyggð en til lengri tíma litið er ekki hægt að segja að verkefnið sé sérstakur áhrifavaldur umfram aðra þætti:

Af því þetta heitir landsbyggðin, erum við að sporna við fólksflóttu, er þetta þínu lúmskur áróður. Það hvarflar að manni, hvernig er það gert og á hvaða forsendum er þetta þess virði. Kannski ekkert gaman nema að fleiri hafi aðgang, áhorfendur, og almennt að skólinn sé að ganga í gegnum samhug og svo framvegis.

Þau gerast ekkert meðvitaðri um heimabyggð heldur samfélagið almennt. Nú eru þau að skila einhverju um starfsferilinn og þetta hefur ekkert haft nein áhrif.

Hugmyndin var virkilega góð – við höfum verið að vinna verkefni sem er ekkert langt frá þessu með umhverfið.

Þáttur foreldra er lítill sem enginn í verkefninu og samvinna heimilis og skóla ekki meiri eða minni en við annað skólastarf. Foreldrar voru helst stuðningur við yfirlestur á ritgerðum heldur en hugmyndavinnu. Þeir gátu í einhverjum tilfellum tekið þátt í hugarflugi með börnum sínum en í einhverjum tilfellum vissu þeir ekki út á hvað verkefnið gekk. Foreldrar vilja vera stuðningur í verkefnum sem þessum en finnst kennarinn þó vera bestur í að veita stuðning. Þeim finnst mikilvægt að markmið og framkvæmd séu skýr í verkefnum sem þessum.

Umræða og tillögur að úrbótum

Niðurstöður mismunandi gagnaöflunar í þessari úttekt sýna að í gögnunum eru ýmsir sameiginlegir þættir en einnig eru þar þversagnir. Vert er þó að benda á þá þætti sem eru mest áberandi. Ef niðurstöður allra þriggja þáttanna eru bornar saman við markmið verkefnisins *Heimabyggðin mín* eru þær eftirfarandi:

Markmið	Niðurstöður
<i>Að hvetja ungt fólk til að hugsa um heimabyggð sína út frá þeim tækifærum sem þar bjóðast og miða að því að gera heimabyggðina að betri stað að búa á og eftirsóknarverðari stað til að flytjast til</i>	Gert í skólanum þegar verkefnið er lagt fyrir. Hugmyndir nemenda takmarkast oft við þeirra eigin reynslu, áhugamál og veruleika. Stundum er þetta samtvinnað þörfum heimabyggðar svo vissulega er miðað að því að gera hana að betri stað.
<i>Að hver og einn fái notið sín á eigin forsendum, að frumkvæði komi frá þátttakendum sjálfum</i>	Nemendur hafa frumkvæði að efni í ritgerð sem getur orðið efniviður fyrir frekari hugmyndavinnu.
<i>Að efla sköpunargleði ungs fólks</i>	Allar hugmyndir eiga rétt á sér. Verkefnið er oft unnið sem þemaverkefni t.d. þar sem er lögð áhersla á að efla ferðaþjónustu og því er unnið innan ákveðins ramma. Sköpunargleðin fær hugsanlega notið sín.
<i>Að unga fólkíð kynnist öðruvísi og betur heimabyggð sinni og finni að það geti haft áhrif, að á það sé hlustað og um leið verði það að hæfari einstaklingum til lýðræðislegrar þátttöku</i>	Nemendur segjast tvímælalaust hafa kynnst heimabyggðinni öðruvísi og betur. Sumum finnst að á þá hafi verið hlustað en það fer að mörgu leyti eftir því hvort hugmyndir þeirra hafi verið ræddar áfram.

Tafla 6. Niðurstöður allra mælinga við einstök markmið verkefnisins *Heimabyggðin mín*

Helsti ávinningurinn af þátttöku í verkefninu er tvímælalaust að það er gott og full þörf á því í skólakerfinu. Keimlík verkefni eru hins vegar oft unnin innan skólanna og það er ávallt spurning hvað eigi að koma utan frá. Utanaðkomandi kraftar eru í flestum tilfellum kærkomnir í skólastarfið og auðvelt er að láta þetta tiltekna verkefni falla inn í skólastarf.

Það er kostur við verkefnið að það fellur sérstaklega vel að nýrri aðalnámskrá og hægt er að finna snertiflöt við alla fimm grunnþætti menntunar sem þar koma fram, allt eftir því hvernig verkefnið er unnið, þ.e. læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun.

Algengast er að leggja verkefnið fyrir í einstökum árgöngum þó svo að það þekkist einnig að fleiri árgangar vinni það á sama tíma. Verkefnið hentar bæði sterkum og slökum nemendum og báðum kynjum. Algengast er að hugmyndir nemenda, afurðir þeirra, tengist þeirra eigin raunveruleika, reynslu og áhugamálum.

Verkefnisstjórinn er drifandi og vinnur af miklum eldmóði og áhuga. Verkefnisstjórinn er í stöðugum tengslum við þáttökuskólana. Hann heimsækir þáttökuskólana en sú aðferðafræði sem er notuð í kynningu á verkefninu í skólunum þarfnast endurskoðunar. Verkefnisstjórinn leggur mikla vinnu í verkefnið sem er ólaunuð og því er um ákveðið hugsjónastarf að ræða af hálfu verkefnisstjórans og verkefnið ber keim af því. Vinnuframlagið er jafnvel óeðlilega mikið ef miðað er við umfang sjálfs verkefnisins í skólunum en meirihluti vinnuframlagsins snýr að utanumhaldi og skipulagi.

Verkefnið er oft unnið undir tímapressu sem telst vera galli. Kennarar hafa hins vegar mikið svigrúm, hvað varðar námsefni, hvernig verkefnið fléttast inn í námsgreinar og fleira. Algengast er að vinna verkefnið sem aukaverkefni eða þemaverkefni og tengist það oft tímapressu eða hver kennir hverju sinni. Oft halda umsjónarkennarar utan um verkefnið og þá er það gjarnan fellt inn í umsjónartíma og fléttað inn í aðrar námsgreinar.

Verkefnisstjórinn leggur áherslu á samstarf við framúrskarandi fagfólk, eftirsóknarvert fólk í samfélaginu meðal annars með því að fá það í stjórn eða til að sitja í dómnefnd. Verðlaun eru veitt á sérstakri athöfn í Reykjavík þar sem verðlaunahöfum ásamt foreldrum er boðið. Það er umdeilt meðal þáttökuskólanna, nemenda og foreldra hvernig umgjörð verkefnisins er, dómnefnd er talin hvati en að sama skapi virðist umgjörðin að vissu leyti vera stærri en verkefnið sjálft. Mestu viðurkenninguna upplifa nemendur frá skólum sínum en sumir skólar hafa haft frumkvæði að því að kynna hugmyndir fyrir sveitarstjórn.

Verkefnið hefur lítið þróast á tíu árum þó svo að það hafi tekið vissum breytingum í gegnum tíðina, m.a. hvað varðar áherslur og nafn. Vísbendingar eru um að það sé aðkallandi að það þróist, m.a. með fleiri þáttökuskólum, markvissari vinnu og betri upplýsingagjöf.

Verkefnið er fyrir mörgum nemendum og kennurum óljóst þegar það er lagt fyrir. Nemendur fá litlar upplýsingar um dómnefnd og aðra þáttökuskóla, sumir nemendur vita ekki að um keppni sé að ræða. Verkefnið er að því leyti ekki nægilega árangursmiðað og markviss.

Verkefnið minnkar ekki líkur á brottfalli úr framhaldsskólum né bætir námsárangur. Viðhorf nemenda til menntunar virðist ekki breytast við verkefnið eitt og sér þó að margir samhangandi þættir geti haft áhrif á viðhorf þeirra og verkefnið þar á meðal. Verkefnið kallar á frumkvæðisvinnu af hálfu nemenda sem getur haft jákvæð áhrif og hvatt til frekari notkunar af þess háttar kennsluháttum í skólunum. Verkefnið getur haft áhrif á lýðræðisleg vinnubrögð en það fer eftir dýpt verkefnisins og hvort nemendur fái formlega áheyrn með hugmyndir sínar á opinberum vettvangi. Fá dæmi virðast vera um að hugmyndir nemenda hafi verið þróaðar áfram.

Nemendur hafa í langflestum tilfellum jákvætt viðhorf til heimabyggðar sinnar, verkefnið er þeim hvati til þess að hugsa meira um nærsamfélagið og hugsanlega að sjá þar tækifæri. Hvort viðhorfið til heimabyggðarinnar breytist eitthvað er þó ekki víst.

Skýrsluhöfundur leggur hér fram tillögur að úrbótum:

- Gefa þarf verkefninu betri tíma. Afmarkaður tímarammi mundi til að mynda nýtast skólunum, þar á meðal að þeir skrái sig innan tiltekins tíma að vori, að verkefnið hefjist á tilteknum tíma að hausti o.s.frv.
- Tryggja þarf fyrirsjáanleika. Þar á meðal er afmarkaður tímarammi sem hér hefur verið nefndur. Markmið verkefnisins og tilgangur þarf að vera nemendum ljós. Það þarf að vera ljóst hver aðkoma sveitar/bæjar/borgarstjórnar er ef hún er einhver og hvort ætlunin sé að vinna áfram með hugmyndir nemenda.

- Vanda þarf betur kynningu og upplýsingagjöf. Þetta á við um markaðssetningu á verkefninu og utanumhald. Kynningin í þátttökuskólum þarf að taka breytingum, hún þarf að vera markvissari, vandaðri og skýrari. Kynningarpakkar fyrir mismunandi skólastig gætu komið að notum, þ.e. miðstig, unglingsstig, framhaldsskóla. Verkefnið fjallar um nýsköpun og því er sjálfsagt að tækni og nýjungar séu nýttar í kynningu og upplýsingagjöf. Einn kostur er að vera þar sem nemendur og foreldrar eru á netinu, t.d. á samfélagssíðum. Einnig þyrfti að vera góð og lifandi heimasíða fyrir verkefnið, með haldgóðum upplýsingum um allt sem viðkemur verkefninu, þ.á.m. þátttökuskólum en nemendur hefðu viljað vita hverjir keppinautarnir eru, það er liður í að efla samkennd. Það er þekkt staðreynd að fyrirtæki og stofnanir veita sjaldan fjárhagslegan stuðning nema að fá eitthvað á móti. Fjárhagslegur stuðningur við verkefni sem þetta er vissulega þáttur í samfélagslegri ábyrgð þeirra sem slíkt kjósa. Með sýnileika gætu möguleikar til að tryggja fjárhagsgrundvöll verkefnisins aukist. Þetta er einnig mikilvægur þáttur ef það stendur til að þróa og stækka verkefnið, ná til fleiri aldurshópa og skóla.
- Tryggja þarf aðkomu samnemenda þeirra sem fá verðlaun. Annað hvort þarf að gera það innan veggja skólans eða af verkefnisstjórn. Það hefur reynst vel að skólarnir sjálfir hafi uppskeruhátíð, sýningu eða annað slíkt til að sýna afrakstur nemenda. Að sama skapi er sérstakt fyrir nemanda á landsbyggðinni að mæta einn með foreldrum sínum og kennara á verðlaunahátíð á stað í höfuðborginni þar sem hann þekkir engan, hefur nær enga tengingu og hefur nær enga áhorfendur úr sínu „liði“.
- Endurskoða þarf hlutverk og tilgang dómnefndar. Það er einnig þáttur í fyrirsjáanleikanum. Gengur verkefnið upp án sérstakrar dómnefndar? Nást markmiðin með verkefninu án sérstakrar dómnefndar? Dómnefnd gæti hugsanlega komið frá skólasamfélaginu, verið skipuð fólki frá þátttökuskólunum, skólayfirvöldum, fulltrúum nemenda og svo framvegis. Skortur er á fleiri snertiflötum við sjálft skólakerfið í landinu og þarna er tækifæri. Eftirsótt og upptekið fagfólk í dómnefnd er ekki endilega gæðastimpill á verkefnið. Einnig þurfa kröfur og reglur dómnefndar að vera á yfirborðinu, t.d. á heimasíðu. Það þarf að vera ljóst hver ábyrgð dómnefndar er á eftirfylgni með verkefnum. Dómnefndin er ávallt skipuð arkitekt eða einhverjum sem getur leiðbeint um næstu skref, nauðsynlegt er að tryggja á einhvern hátt eftirfylgni með slíku.
- Verkefnið er hægt að tengja við alla fimm grunnþætti menntunar í nýrri aðalnámskrá. Nauðsynlegt er að nýta slíkt tækifæri betur, bæði í kynningu á verkefninu og þegar skólar skrá sig til þátttöku. Hvaða kröfur eru gerðar til skóla sem skrá sig til þátttöku? Þær eru engar en vel færi á því að skólarnir myndu til dæmis í umsókn gera grein fyrir því hvernig áætlað sé að flétta verkefnið inn í námsgreinar annars vegar og grunnþættina hins vegar. Þarna er ríkt tækifæri til að vinna markvisst með grunnþættina og gera verkefnið árangursmiðaðra. Þetta ætti meðal annars að vera mögulegt ef verkefninu er gefinn betri tími. Með því að gera úrbætur á þessum þætti væri mögulega hægt að sjá bættan námsárangur og fleiri breytingar til góðs í skólastarfinu.
- Að lokum er bent á nauðsyn þess að skoða hvernig þeir þættir sem hér hafa verið nefndir fléttast inn í *hringrás áhrifaþátta* á mynd 2 og hafa hana til hliðsjónar við breytingar á verkefninu.

Heimildaskrá

Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti 2011, greinasvið 2013. Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Sigurlína Davíðsdóttir. 2006. *Unglingalýðræði í bæ og sveit. Matsskýrsla.* Reykjavík: Landsbyggðarvinir í Reykjavík og nágrenni

<http://www.audarskoli.is/>

<http://www.landsbyggdarvinir.is/>

<http://www.reykholar.is/skoli/>

http://skolinn.olfus.is/index.php?option=com_frontpage&Itemid=1

<http://www.vidistadaskoli.is/>